

Náttúrufar með Sundum í Reykjavík
Ellidaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur,
Elliðavogur og Laugarnes

Kristbjörn Egilsson ritstj., Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur
Guðjónsson, Haukur Jóhannesson og Jóhann Óli Hilmarsson

Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur

NÍ-99009

Reykjavík, júlí 1999



Náttúrufræðistofnun Íslands



ÁGRIP

Fjallað er um jarðfræði, gróðurfar og fuglalíf á nokkrum óbyggðum svæðum með Sundum í landi Reykjavíkur. Þessi svæði eru: Elliðaárdalur, Úlfarsá neðan Vesturlandsvegur, Blikastaðakró, Grafarvogur og Laugarnes. Öll eru þau neðan við 100 m hæð yfir sjó. Markmið þessarar úttektar var að meta ofangreinda náttúrufræðingur í tengslum við skipulag svæðanna.

Jarðlögum á svæðunum má í stórum dráttum skipta í þrennt. 1. Jarðlög frá miðbiki ísaldar. Þar skiptast á hlýskeyðshraun annars vegar og móberg og jökulberg hins vegar. Hraunin runnu á hlýskeyðum ísaldar en móbergið hlóðst upp við gos undir jökulum á jökulskeyðum. Aldur þessara jarðlaga er 2–2.5 milljónir ára. 2. Hlýskeyðshraun (grágrýti) frá síðari hluta ísaldar. Aldur hraunanna er ekki vitaður en leiddar hafa verið líkur að því að þau geti sum hver verið allt að 500.000 ára gömul. Þessi hraun þekja nær allt Seltjarnarnesið forna og einnig holtin austan Elliðaáa. 3. Jarðlög frá lokum ísaldar og yngri. Ísöldinni lauk fyrir um 10.000 árum. Í þessu flokki ber mest á lausum jarðlögum og jökulmyndunum. Leitahraunið (Elliðavogshraun) tilheyrir þessum flokki en það rann ofan af Sandskeyði og í sjó fram í Elliðavogi og er um 4.500 ára gamalt.

Öll eru svæðin vel gróin. Þurrlandi er ríkjandi, einkum ýmsar gerðir graslendis, en votlendi er sjaldgæft. Einnig finnast á svæðunum mosabemba, mólendi (lyngmóar, starmóar), graslendi, kjarrlendi, bersvæðisgróður og melar. Auk þess finnast ýmis smærri gróurlendi t.d. jaðar, flög og blómlendi. Skráðar hafa verið 187 villtar íslenskar tegundir auk nokkurra ættkvísla og slæðinga. Á rannsóknasvæðunum er því að finna um 40% íslensku flórunnar. Eftirtaldar tegundir hafa nokkra sérstöðu: gullkollur, fuglaertur, blátoppa og sæhvönn. Vegna ræktunar og ágengra innfluttra tegunda, t.d. alaskalúpinu á hin íslenska flóra í vök að verjast, einkum mólendið.

Fuglalíf með Sundum er fjölbreytt árið um kring. Hin auðuga fuglafána hefur mikið gildi vegna útivistar og náttúruskoðunar í grennd við þéttbýli og leiran í Grafarvogi er þýðingarmikil á landsvísu fyrir vaðfugla. Með vaxandi byggð og ræktun hefur ýmsum algengum fuglum, eins og heiðlóu, fækkað verulega í og við byggð í Reykjavík. Um 36 fuglategundir hafa orpið á rannsóknasvæðunum með Sundum, eða um helmingur þeirra tegunda sem verpa að staðaldri á Íslandi. Af þeim eru 28–30 reglulegir varpfuglar, en sumir þeirra eru á hröðu undanhaldi í borgarlandinu, t.d. lóuþræll, óðinshani og steindepill. Varpfuglafánan er fjölbreyttust í Elliðaárdal, ofan Árbæjarstíflu. Engar verulega sjaldgæfar tegundir verpa á svæðunum, en meðal fálíðaðra tegunda á landsvísu má nefna straumönd, sem verpur reglulega efst á Dimmu, og stormmáf sem verpur við Úlfarsá.

Fjallað er um náttúruvernd og athyglisverða staði. Lagðar eru fram tillögur um verndun nokkurra svæða með það í huga að varðveita dæmi um villta náttúru í nánd við þéttbýli og ræktuð útivistarsvæði. Náttúruleg svæði í jaðri borgarinnar stuðla að fjölbreyttu fuglavarpi og því ætti að halda eftir sæmilega stórum spildum þar sem náttúran fær að þróast eftir eigin lögmálum. Á þann hátt verður hægt að stuðla að hámarks fjölbreytni náttúrufræðingur innan borgarlandsins. Fjallað er um í grófum dráttum hvernig umgengni um þessi svæði verði best háttáð.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
1 INNGANGUR	5
2 YFIRLIT UM NÁTTÚRUFARIÐ MEÐ SUNDUM	6
2.1 Staðhættir	6
2.2 Jarðfræði	6
2.3 Gróðurfar	8
2.3.1 Gróðurkort	8
2.3.2 Flóra	8
2.4 Fuglalíf	13
3 ELLIÐAÁRDALUR	17
3.1 Jarðfræði Elliðaárdals	17
3.2 Gróðurfar Elliðaárdals	17
3.2.1 Lýsing gróðurlenda	19
3.2.2 Þurrlandi	19
3.2.3 Votlendi	21
3.2.4 Vatnagróður	23
3.2.5 Ræktað land	23
3.3 Fuglalíf Elliðaárdals	24
3.3.1 Varpfuglar	24
3.3.2 Vetrargestir	24
3.4 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Elliðaárdal	27
4 ÚLFARSÁ NEÐAN VESTURLANDSVEGAR	30
4.1 Jarðfræði við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar	30
4.2 Gróðurfar við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar	30
4.3 Fuglalíf við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar	32
4.3.1 Varpfuglar og sumargestir	34
4.3.2 Vetrargestir	34
4.4 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar	34
5 BLIKASTAÐAKRÓ	37
5.1 Jarðfræði Blikastaðakróar	37
5.2 Gróðurfar við Blikastaðakró	37
5.3 Fuglalíf í Blikastaðakró	39
5.4 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Blikastaðakró	41
6 GRAFARVOGUR OG ELLIÐAVOGUR	44
6.1 Jarðfræði Grafarvogs	44
6.2 Gróðurfar í Grafarvogi	44
6.3 Fuglalíf í Grafarvogi og Elliðavogi	46
6.3.1 Varpfuglar í Grafarvogi, Gufuneshöfða og Elliðavogi	46
6.3.2 Fjöru- og strandfuglar í Grafarvogi og Elliðavogi	49
6.4 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Grafarvogi	50

7	LAUGARNES	52
7.1	Jarðfræði Laugarness	52
7.2	Gróðurfar í Laugarnesi	52
7.3	Fuglar í Laugarnesi	54
7.4	Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Laugarnesi	56
8	RITASKRÁ	59
9	VIÐAUKAR	61
1.	viðauki. Flóra Elliðaárdals, Úlfarsár neðan Vesturlandsvegur, Blikastaðakróar, Grafarvogs og Laugarness (skráð 1997)	61
2.	viðauki. Fuglatalningar á Elliðaáam í janúar og maí 1997	66
3a.	viðauki. Fuglatalningar við Úlfarsá sumarið 1995	67
3b.	viðauki. Fuglatalningar við Úlfarsá sumarið 1995	67
4.	viðauki. Fuglar við Úlfarsá	68
5.	viðauki. Fuglatalningar í Grafarvogi, innan Gullinbrúar janúar – maí 1997	72
6.	viðauki. Fuglatalningar í Elliðavogi og mynni Grafarvogs janúar – maí 1997	73

SKRÁ YFIR TÖFLUR

1.	tafla. Rannsóknarsvæðin með Sundum	6
2.	tafla. Fjöldi villtra háplöntutegunda með Sundum	8
3.	tafla. Skrá yfir varpfugla með Sundum	14
4.	tafla. Flatarmál gróðurlenda í Elliðaárdal samkvæmt gróðurkort	18
5.	tafla. Fuglar skráðir í Elliðaárdal, frá Elliðavatni að brúm við Ártún	25
6.	tafla. Varpfuglar á talningarstöðvum í Elliðaárdal, neðan Árbæjarstíflu	26
7.	tafla. Varpfuglar á talningastöðvum í Elliðaárdal, ofan Árbæjarstíflu	26
8.	tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið við Úlfarsá, neðan Vesturlandsvegur að ósi	33
9.	tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið í Blikastaðakró	40
10.	tafla. Fuglatalningar í Eiðisvík og Blikastaðakró, janúar–maí 1997	41
11.	tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið í Grafarvogi og Gufuneshöfða	47
12.	tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið í Elliðavogi og nágrenni	48
13.	tafla. Varpfuglar á talningarstöðvum í Elliðavogi, Grafarvogi og Gufuneshöfða	49
14.	tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið í og við Laugarnes	55

SKRÁ YFIR MYNDIR

1.	mynd. Rannsóknarsvæðin með Sundum	7
2.	mynd. Gróðurkort af rannsóknarsvæðunum	9
3.	mynd. Gróðurkort af Elliðaárdal (1:15.000)	10
4.	mynd. Þekktir vaxtarstaðir gullkolls, fuglaertu, blátoppis og sæhvannar á landinu	12
5.	mynd. Talningastöðvar varpfugla í Elliðaárdal, Grafarvogi, Elliðavogi og Gufuneshöfða	15
6.	mynd. Varpfuglar í Elliðaárdal, Grafarvogi, Elliðavogi og Gufuneshöfða	16

SKRÁ YFIR KORT (í vasa aftast í skýrslunni)

1.	kort. Gróðurkort af Elliðaárdal. Neðri og miðhluti dalsins
2.	kort. Gróðurkort af Elliðaárdal. Efsti hluti dalsins
3.	kort. Gróðurkort af Laugarnesi

1 INNGANGUR

Í ágúst 1996 fór Borgarskipulag Reykjavíkur þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að gerð yrði áætlun um náttúrufræðiskönnun á tilteknum svæðum í landi Reykjavíkur. Gerð skyldi grein fyrir jarðfræði, gróðurfari og fuglalífi á eftirtöldum svæðum: (1) Elliðaárdal, (2) meðfram Úlfarsá neðan Vesturlandsvegur, (3) Blikastaðakró, þ.e. ströndinni frá Eiðisvík að ósum Úlfarsár, (4) Grafarvogi og (5) Laugarnesi.

Rannsóknáætlun var lögð fram í október 1996, var hún samþykkt af borgarráði í ársbyrjun 1997 og hófst útvinnna skömmu síðar.

Sú náttúrufræðiskönnun sem lýst er í þessari skýrslu er beint framhald af samskonar könnun sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg sumarið 1995 á svæðum sem kölluð hafa verið Austurland Reykjavíkur, þ.e. Klapparholt, Austurheiði, Úlfarsá (efri hluti) og Hamrahlíðarlönd (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Þegar hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum varðandi Laugarnes í sérstakri skýrslu (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1997) og er það sem hér birtist um Laugarnesið samhljóða því sem stendur þar.

Markmið rannsóknaanna var að afla upplýsinga og taka saman skýrslu um ofangreinda náttúrufræðispætti, meta þá og gera tillögur sem gætu nýst við skipulag svæðanna. Samstarfsmaður og tengiliður fyrir hönd Borgarskipulags var Björn Axelsson. Einnig sýndu umhverfismálaráð og Jóhann Pálsson garðyrkjustjóri málinu mikinn áhuga allt frá því að það kom fyrst til umræðu.

Stöðumat og tillögur í skýrslunni byggjast á eftirtöldum atriðum:

- Að landslag, landmótun og ytra form svæðanna haldi sér, þannig að heildarsvipur og tenging við byggð verði eðlileg.
- Að hluta náttúrulegra gróðurlenda á svæðunum verði leyft að þróast áfram á eigin forsendum og að svæði sem hafa orðið fyrir breytingum, t.d. vegna framræslu, verði færð til fyrra horfs. Á þann hátt verður um ókomin ár hægt að njóta þeirra villtu plöntutegunda sem vaxa á svæðinu í réttu umhverfi.
- Að hið fjölbreytta fuglalíf fái að dafna áfram eftir eigin lögmálum. Forsenda þess er að varðveita helstu varp- og fæðuöflunarsvæði, svo og set- og hvíldarstaði.
- Að merkar jarðfræðiminjar fái að halda sér.
- Að íbúar hafi tækifæri til þess að komast út í tiltölulega óspillta náttúru skammt frá heimilum sínum sér til heilsubótar, skemmtunar og fróðleiks.
- Að nemendur og kennarar geti sótt þekkingu og fræðslu á vit villtrar náttúru á svæðunum.

Einnig var höfð að leiðarljósi sú stefna Reykjavíkurborgar sem kemur fram í aðalskipulagi 1996–2016 að náttúruleg landsvæði verði vernduð, enda órjúfanlegur hluti af umhverfi borgarinnar.

2 YFIRLIT UM NÁTTÚRUFARIÐ MEÐ SUNDUM

2.1 Staðhættir

Rannsóknasvæðin ná yfir stór svæði í landi Reykjavíkur sem hafa verið mörkuð á Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016 sem almenn útivistarsvæði eða útivistarsvæði til almennra nota. Öll svæðin falla undir almenna borgarvernd og tvö undir staðfesta borgarvernd. Lega svæðanna í borgarlandinu er sýnd á 1. mynd. Öll svæðin eru á láglandi frá 0 m og upp í 125 m hæð yfir sjó. Landslag er fremur einhæft og hefur nálæg byggð alls staðar mótandi áhrif á umhverfið.

1. tafla. Rannsóknasvæðin með Sundum

	Á Náttúru- minjaskrá	Almenn borgar- vernd	Staðfest borgar- vernd
Elliðaárdalur	x	x	
Úlfarsá neðan Vesturlandsveggar	x	x	
Blikastaðakró	x	x	x leirur
Grafarvogur	x	x	x leirur
Laugarnes	x	x	


2.2 Jarðfræði

Jarðfræði Reykjavíkursvæðisins er vel þekkt. Jarðlög á svæðinu mynda jarðlagastafla þar sem eitt jarðlag liggur ofan á öðru. Jarðlagið sem ofar liggur er yngra en það sem undir er og hefur staflinn orðið til við endurtekin eldgos. Jarðlagastaflanum má í stórum dráttum skipta í þrennt. Í fyrsta lagi jarðlög frá miðbiki ísaldar. Þar skiptast á hlýskeyðshraun annars vegar og móberg og jökulberg hinsvegar. Hraunin brunnu á hlýskeyðum ísaldar en móbergið hlóðst upp við gos undir jöklum. Aldur þessara jarðlaga er á bilinu 2–2.5 milljónir ára. Í öðru lagi eru hlýskeyðshraun (grágrýti) frá síðari hluta ísaldar. Um aldur hraunanna er ekki vitað en leiddar hafa verið líkur að því að þau geti verið allt að 500.000 ára gömul. Þessi hraun mynda nær allt Seltjarnarnesið forna og einnig holtin austan Elliðaáa. Í þriðja lagi eru jarðlög frá lokum ísaldar og yngri. Ísöldinni lauk fyrir um 10.000 árum. Í þessu flokki ber mest á lausum jarðlögum og jökulmyndunum, en einnig er í þessum flokki Leitahraunið (Elliðavogshraun) sem runnið hefur ofan af Sandskeiði og allt í sjó fram í Elliðavogi. Það er um 4.500 ára gamalt.

Til einföldunar verða í þessari skýrslu notuð hefðbundin íslensk heiti í stað vísindaheita bergtegunda. Þannig verður talað um helluhraun (dyngjuhraun) í staðinn fyrir ólívínþóleíft og um apalhraun í stað þóleíðhrauna. Um útbreiðslu og heiti einstakra myndana er vísað í prentuð berggrunns- og jarðgrunnskort af höfuðborgarsvæðinu (Helgi Torfason o.fl. 1993 og 1997, Skúli Víkingsson o.fl. 1995).

Aldur jarðlaga er fenginn með segulmælingum á bergi. Segulsvið jarðar umskautast á nokkur hundruð þúsunda ára fresti og eru þeir umsnúningar nokkuð vel þekktir og hafa verið aldursgreindir. Þekking á umskautunum hefur leitt til þess að tiltölulega auðvelt er að aldursgreina berg á Íslandi með samanburði við alþjóðlegan segultímakvarða.

1. mynd. Rannsóknarsvæðin með Sundum



2.3 Gróðurfar

2.3.1 Gróðurkort

Gróðurkort af Innnesjum er til í mælikvarðanum 1:25.000 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1988a og b, 1989a og b). Á 2. mynd er birtur sá hluti kortsins sem sýnir rannsóknasvæðin og næsta nágrenni. Þar sést að öll svæðin eru gróin og gróðurfarið tiltölulega einsleitt. Þurrlendi ríkir, einkum ýmsar gerðir graslendis, en votlendi er sjaldgæft. Gróðurkort af Elliðaárdal í mælikvarðanum 1:12.000 (3. mynd) og af Laugarnesi í mælikvarðanum 1:3.000 (4. mynd) voru gerð sérstaklega vegna þessarar úttektar.

Þurrlendið skiptist í ýmiss konar graslendi, bæði villt graslendi með blómjurtum og áborið, slegið graslendi og tún. Ræktuð svæði með trjáplöntum ná yfir víðáttumikil svæði einkum í Elliðaárdal. Víða er að finna mólendisbletti og sumstaðar eru melar, flög og blómlendi. Þessi svæði eru það lítil að umfangi á hverjum stað að þau koma ekki fram á korti í mælikvarðanum 1: 25.000.

Sama er að segja um votlendið. Það finnst á smáum blettum, en jaðar eða deiglendi sem er gróðurlendi á mörkum þurrlendis og votlendis, er á nokkrum stöðum.

2.3.2 Flóra

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista. Alls fundust 186 villtar íslenskar tegundir auk ættkvíslar túnfífla (2. tafla). Talið er að á Íslandi vaxi 458 tegundir að meðtöldum 20 tegundum undanfífla (Hörður Kristinsson 1986, Bergþór Jóhannsson 1989). Á rannsóknasvæðunum er því að finna ríflega 40% íslensku flórunnar. Auk villtu tegundanna voru skráðir þeir slæðingar (13 tegundir) og þau ræktuðu tré og runnar (11 tegundir) sem rekist var á en ekki var leitað eftir þeim sérstaklega. Í 1. viðauka er listi yfir allar þær tegundir háplantna sem voru skráðar eða safnað á svæðinu.


2. tafla. Fjöldi villtra háplöntutegunda með Sundum

	Tegundafjöldi
Úlfarsá neðan Vesturlandsvegur	127
Elliðaárdalur	158
Blikastaðakró	129
Grafarvogur	126
Laugarnes	115
Samtals á öllum svæðunum	186

Erfitt er að segja til um með nokkurri vissu hversu algengar tegundir eru á tilteknu svæði, nema því sé skipt í reiti og tegundir skráðar kerfisbundið innan þeirra. Slík skráning er bæði tímafrek og dýr svo ekki reyndist kostur að vinna á þann hátt hér. Þó er ljóst að tegundir eru misalgengar. Margar finnast víða, flestar eru nokkuð algengar og tiltölulega fáar eru sjaldgæfar á svæðunum í heild. Segja má að á rannsóknasvæðunum séu flestar votlendistegundir sjaldgæfar en það stafar af því hversu fátítt votlendi er á svæðunum.

2.mynd. Gróðurkort af rannsóknarsvæðunum





Fáeinir tegundir hafa nokkra sérstöðu. Þar má fyrstan nefna gullkoll sem vex hér og þar á svæðinu. Hann er frekar sjaldséður og staðbundinn hér á landi; aðalútbreiðsla hans er á Reykjanesskaga en aðrir fundarstaðir eru í ofanverðum Borgarfirði og á Austurlandi.

Fuglaertur fundust á einum stað í Elliðaárdal milli Höfðabakkabráur og félagsheimilis Rafveitunnar. Þær vaxa í öllum landshlutum en eru alls staðar sjaldgæfar. Fuglaertur tilheyrir ertublómaætt. Á rótum þeirra lifa gerlar sem vinna köfnunarefni úr loftinu og bæta því jarðveginn. Þær hafa auk þess þann kost að vera smávaxnar þannig að þær dafna í sambyrli við aðrar jurtir án þess að kaffæra þær eins og alaskalúpínan.


Blátoppa er grastegund sem fannst á tveimur stöðum í Elliðaárdal. Hún hefur fundist áður í Öskjuhlíð og á nokkrum stöðum öðrum í nágrenni Reykjavíkur. Utan þess hefur hún aðeins fundist á einum öðrum stað á landinu þ.e. á Fagurhólsmýri í Örafum.

Sæhvönn er smávaxin hvönn sem vex í sjávarhömrum og á sjávarbökkum. Hún fannst í Grafarvogi við Gullinbrú. Hún hefur einnig fundist á öðrum stað í borgarlandinu, í Viðey. Á 5. mynd má sjá útbreiðslukort yfir þekkta vaxtarstaði þessara tegunda á landinu.


Auk ofangreindra tegunda má nefna eftirtaldar tegundir sem eru nokkuð algengar á landsvísu en hafa verndargildi í borgarlandinu bæði vegna fræðslugildis og nauðsynjar þess að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í nánd við byggð. Þessar tegundir eru: Heigulstör, bjúgstör, garðabruða og silfurhnappur.

Þó að flestar tegundirnar séu algengar á svæðinu er vert að hafa í huga að miklar breytingar eru í vændum á næstu árum. Þar sem trjám hefur verið plantað mun lággróður breytast með tímanum á þann hátt að tegundum fækkar. Jafnvel þær sem nú eru tiltölulega algengar verða sjaldgæfar. Merki þessa eru þegar farin að sjást í Elliðaárdal.


Aðrar tegundir háplantna sem skráðar voru í þessari könnun eru algengar á landsvísu.




Gullkollur *Anthyllis vulneraria*



Fuglaertur *Lathyrus pratensis*



Blátoppa *Sesleria albicans*



Sæhvönn *Ligusticum scoticum*

4. mynd. Þekktir vaxtarstaðir gullkolls, fuglaertu, blátoppu og sæhvannar á landinu.

2.4 Fuglalíf

Athuganir á fuglalífi með Sundum beindust að mismunandi þáttum, eftir því hvaða svæði áttu í hlut.

- Varpfuglar voru kannaðir í Elliðaárdal, meðfram Úlfarsá, í Grafarvogi, Gufuneshöfða, Elliðavogi og Laugarnesi. Á flestum svæðum voru gerðar staðlaðar athuganir á fyrirfram völdum stöðvum sem endurspegluðu helstu gróðurlandi (6. mynd) og voru varpfuglar taldir eða áætlaðir innan 100–200 m hringmáls frá talningarstað.
- Umferð farfugla að vori var könnuð með reglubundnum talningum í Blikastaðakró, Grafarvogi og Elliðavogi. Talningar fóru fram sem næst háfjörü á völdum útsýnisstöðum.
- Lauslegar athuganir fóru fram á vetrarfuglum á öllum svæðunum í janúar og febrúar.

Fuglalíf á framantöldum svæðum með Sundum er í heild sinni fjölbreytt árið um kring og hefur mikið gildi fyrir útivist og náttúruskoðun í grennd við þéttbýli. Þá hefur leiran í Grafarvogi talsverða þýðingu á landsvísu fyrir nokkrar vaðfuglategundir. Með vaxandi byggð og ræktun hefur ýmsum algengum fuglategundum, eins og lóu, fækkað verulega í og við byggð í Reykjavík. Náttúruleg svæði í jaðri borgarinnar stuðla að fjölbreyttu fuglavarpi og því ætti að halda eftir sæmilega stórum spildum þar sem náttúran fær að þróast eftir eigin lögmálum.

Alls hafa um 36 fuglategundir orpið á athugunarsvæðunum með Sundum eða u.þ.b. helmingur þeirra fugla sem verpa hér að staðaldri. Líkast til eru 28–30 þeirra reglulegir varpfuglar (3. tafla), en sumir eru orðnir afar fágætir, t.d. lóupræll, óðinshani og steindepill. Varpfuglafánan er fjölbreyttust í Elliðaárdal, ofan Árbæjarstíflu, meðfram Úlfarsá og í Grafarvogi. Á hverju þessara svæða hafa orpið yfir 20 fuglategundir. Engar verulega sjaldgæfar tegundir verpa á svæðinu, en meðal faliðaðra tegunda á landsvísu má nefna straumönd sem verpur reglulega efst á Elliðaám (og stundum við Úlfarsá) og stormmáf sem verpur við Úlfarsá.

Fuglalíf var fjölbreyttast á opnum svæðum, jafnvel þeim sem hefur verið raskað verulega af mannavöldum eða eru tilbúin eins og uppfyllingar vestan Elliðavogs (6. mynd). Á trjáræktarsvæðum með miklum og þéttum trjágróðri, t.d. í efri hluta Árhólma, urpu fáar fuglategundir en fuglavarp þar var hins vegar afar þétt. Sumar fuglategundir eru að hverfa, eins og steindepill, og snjótittlingur er hættur að verpa á athugunarsvæðinu. Þá hefur máfavarp minnkað mikið með vaxandi byggð (3. tafla).


Grafarvogur hefur mikla þýðingu fyrir vaðfugla og fleiri tegundir, sérstaklega um fartíma að vori. Blikastaðakró hefur vaxandi þýðingu fyrir margæsir á vorin og kann að vera einn helsti vetrardvalarstaður flórgoða hér við land.

3. tafla. Skrá yfir varpfugla með Sundum

Tölur tákna hversu algeng viðkomandi tegund er á hverju svæði; 1 = strjáll varpfugl, 2 = allalgengur varpfugl, 3 = algengur varpfugl, G = varp áður. Tölur innan sviga tákna að varp er hugsanlegt, en ekki staðfest.


Tegund	Elliða-árdalur neðan stíflu	Elliða-árdalur ofan stíflu	Úlfarsá neðan Vestur-landsvegar	Blika-staðakró	Grafarvogur og Gufunes-höfði	Elliða-vogur	Laugar-nes
Fýll					1		
Álft		1					
Grágæs		1	1	1			
Urtönd		1	1		(1)		
Stökkönd	2	2	1	(1)	1	2	
Skúfönd		1					
Duggönd		(1)					
Æður			1	3	2	2	
Straumönd		1					
Toppönd		(1)		(1)	(1)		
Rjúpa		1	1		1		
Tjaldur		1	1	1	1	1	1
Sandlóa	1	1	2	1	1	1	1
Heiðlóa	1	2	2	1	1		1
Lóupræll			2				
Hrossagaukur	3	3	2	1	2	2	1
Jaðrakan		1					
Spói	1	1	2	1			
Stelkur	2	1	3	1	1	1	1
Óðinshani			1				
Kjói					G		
Hettumáfur				1			
Stormmáfur			1	G			
Sílamáfur			1	1	1	1	
Silfurmáfur				G			
Svartbakur				G	G		
Kría	1		1	1		3	
Húsdúfa			(1)				
Þúfutittlingur	3	3	3	2	3	2	1
Maríuerla	1	1	1		1	1	
Steindepill		1	1		1	G	
Skógarþröstur	3	3	1		1	1	
Hrafn	G			G	1		
Stari	2	2	2		2	2	2
Auðnutittlingur	3	1			1		
Snjótittlingur					G		
Tegundir alls 36	13	20-22	20-21	12-18	20-22	13	7

5. mynd. Talningarstöðvar varpfugla í Elliðaárdal, Grafarvogi, Elliðaavogi og Gufuneshöfða.



Elliðaárdalur 1:20.000

6. mynd. Varpfuglar í Elliðaárdal, Grafarvogi, Elliðavogi og Gufuneshöfða.
Sýndur er fjöldi tegunda á hverju svæði.



3 ELLIÐAÁRDALUR

Hér verður fjallað um Elliðaárdal en um hann falla Dimma og síðan Elliðaárnar frá upptökum í Elliðavatni til ósa í Elliðavogi. Dalurinn er um 6 km á lengd en óvída meira en 1 km á breidd þar sem hann er breiðastur. Svæðið er um 3,5 km² að flatarmáli.

Íbúðabyggð og önnur mannvirki liggja að dalnum á báða vegu. Útfall Elliðavatns var stíflað árið 1923 og þaðan hefur verið miðlað vatni niður árnar síðan. Byrjað var að fylla upp í árósa um 1965 og þar sem áður var lífrík leira er nú grasi vaxin uppfylling - mönnum og hundum að leik. Mikil mannvirki þvera dalinn og má þar nefna brýr og víðáttumikil umferðarmannvirki við árósa; Höfðabakkabrá og Elliðaárstíflu.

Í dalnum sjálfum eru ýmsar byggingar t.d. vatnsaflstöð, díselraftstöð, spennistöðvar, fiskklak, félagsheimili og íbúðabyggð. Stærstur hluti Elliðaárdals er meira og minna mótaður af framkvæmdum, mannvirkjum og ræktun.

3.1 Jarðfræði Elliðaárdals

Mjög ítarleg og greinargóð lýsing á jarðfræði Elliðaárdalsins er að finna í bókinni Elliðaárdalur, land og saga (Árni Hjartarson o.fl. 1998) og þarf í raun engu við hana að bæta. Jarðmyndunum í Elliðavogi má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru hlýskeyðshraun (grágrýti) sem mynda allan berggrunninn. Þar eru nokkur hlýskeyðshraun (grágrýti) og setlög á milli. Í öðru lagi eru setlög frá lokum ísaldar og ber þar mest á strandmyndunum frá þeim tíma er sjór stóð hærra. Í þriðja lagi er Leitahraunið sem er um 4.500 ára gamalt. Það á upptök sín í gíg sem nefnist Leitinn og er milli Lambafells og Bláfjalla. Leitinn er á vatnaskilum á Reykjanesskaganum og því hefur hraunið runnið til beggja átta: í sjó fram við Þorlákshöfn og niður á Sandskeyð, um Elliðavatn og niður farveg Elliðaáa allt í sjó fram í Elliðavogi. Rauðhólarnir eru gervíggar í Leitahrauninu þar sem það hefur runnið yfir mýri eða út í grunnt vatn. Við það hefur eldhraunið króað inni vatn sem hefur hitnað og að lokum sprengt sér leið upp í gegnum hraunið og myndað gervígga. Hraunið er að öðru leyti helluhraun.

3.2 Gróðurfar Elliðaárdals

Gerð var gróður- og landgreining vegna meðfylgjandi gróðurskorts af dalnum. Hún fór þannig fram að gróna landið var flokkað á stækkaðar loftmyndir sem teknar voru árið 1997 í mælikvarða 1:2.000. Gróður- og landgreining var síðan endurteiknuð í tölvu á stafræna útgáfu af myndunum.

Gróður- og landgreiningin er að mestu byggð á flokkunarlykli hefðbundinna gróðurskorta, sem Steindór Steindórsson (1981) lagði grunninn að, en þar er gróður flokkaður eftir ríkjandi tegundum. Þar sem mælikvarði kortsins er margfalt stærri en á hefðbundnum gróðurskortum er vikið frá lyklinum og nákvæmni aukin með því að taka mið af sérkennum viðkomandi svæðis og þeim stóra mælikvarða sem kortin eru unnin í.

Tvö gróðurskort voru gerð af Elliðaárdal. Stærri kortin tvö eru í mælikvarða 1:4.000 og eru þau unnin á stafræna loftmynd af dalnum (í vasa aftast í skýrslunni). Á þeim er gróðursamfélögum dalsins skipt upp í gróðurhverfi. Minna kortið (3. mynd) er í



mælikvarðanum 1:15.000. Það er einfölduð mynd af stærra kortinu og gefur það greinar gott yfirlit yfir helstu gróðurlendi.

Elliðaárdalur er þurrlandur og vel gróinn að stærstum hluta. Votlendi er þar sjaldgæft. Í stóran hluta dalsins, á hólmunum neðan við stíflu og í brekkunum norðan og vestan í Breiðholtinu, hefur verið plantað trjám. Á allstórum hluta þess svæðis þar sem trjáræktin er, hefur vaxið upp skógur en annars staðar eru trén rétt farin að teygja sig upp fyrir lággróðurinn.

4. tafla. Flatarmál gróðurlenda í Elliðaárdal samkvæmt gróðurkort

	ha	%
Gróðurlendi:		
Mosaþemba	13	4
Lyngmói	4	1
Gulvíðikjarr	<1	<1
Graslendi	56	18
Blómlendi	<1	<1
Þurrlandi alls	73	23
Jaðar	4	1
Mýri	8	2
Flói	<1	<1
Vatnagróður	<1	<1
Votlendi alls	12	3
Tún og garðlönd	37	12
Blönduð skógrækt > 2 m há tré	43	14
Blönduð skógrækt < 2 m há tré	52	17
Trjárækt	4	1
Alaskalúpína	8	2
Ræktað land alls	144	47
GRÓIÐ LAND SAMTALS	229	75
Ógróið land:		
Ógróið eða raskað land	36	12
Vatn	23	8
Mannvirki	15	5
ÓGRÓIÐ LAND SAMTALS	74	25
Heildarflatarmál	303 ha	100 %

Einfaldað gróðurkort í mælikvarðanum 1:15.000 er sýnt á 3. mynd og í 1. töflu eru sýndar niðurstöður flatarmálsmælinga gróðurlenda í Elliðaárdal. Heildarstærð kortlagða hluta dalsins er um 303 ha. Þar af er gróið land um 229 ha (75%) en ógróið land, vatn og mannvirki þekja 74 ha (25%). Af gróna landinu eru 144 ha ræktaðir (47%) og tilheyrir meirihluti ræktaða landsins skógrækt. Um 73 ha (23%) teljast til þurrlandis þar sem villtur gróður fær að njóta sín að mestu og aðeins 12 ha (3%) tilheyrir votlendi.

3.2.1 Lýsing gróðurlenda

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim gróðursamfélögum, og gróðurhverfum sem koma fyrir í Elliðaárdal og eru teiknuð inn á tvö gróðurkort í mælikvarðanum 1:4.000 sem fylgja með skýrslunni aftast í vasa.

3.2.2 Þurrlendi

Mosaþemba (A)

Mosaþemba er fremur sjaldgæft gróðurlendi. Hana er helst að finna á svæðinu austan við Dimmu, nálægt skeiðvellinum og í Blásteinshólma.

Í Blásteinshólma er *mosaþemba með smárunnum* (A4) sem vex á þurru og þunnu jarðvegslagi ofan á hrauni sem gægist á stöku stað upp á yfirborðið. Þar eru áberandi í hraungambranum: krækilyng, beitilyng, bláberjalyng, þursaskegg, holtasóley, grasvíðir, músareyra, blóðberg, hvítmaðra, gullmura, gulmaðra, móasef, túnvingull, týtulíngresi, ljósberi, blávingull, kattartunga, lambagras, krossmaðra, brennisóley, vallhæra, axhæra, brjóstagras, túnsúra og geldingahnappur. Allmikið af fléttum vex í mosaþembunni, einkum ættkvíslin *Cladonia*.

Mosaþemba með grösum og smárunnum (A8) er nokkuð algeng við skeiðvöllinn og að Dimmu. Hraungambri (*Racomitrium lanuginosum*) og melagambri (*Racomitrium ericoides*) eru ríkjandi mosategundir. Þar sem land er flatt og þurrt er krækilyng áberandi ásamt krossmöðru, gulmöðru, hvítmöðru, klóelftingu, blóðbergi, hálíngresi, beitieski, vallelftingu, beitilyngi, kornsúru, þursaskeggi, móasefi, blávingli, stinnastör, vegarfa, vallhæru, lambagrasi, vallarsveifgrasi og geldingahnappi. Annars staðar er landið hnúskótt eða með þúfum og rakara. Þar verða áberandi snarrótarpuntur ásamt hrafnkluKKu, fjalldalafíli og mjaðurt með hinum tegundunum.

Lyngmói (B)

Lyngmói er algengasta náttúrulega gróðurlendið í Elliðaárdal, þó ekki megi lesa það svo glöggt af gróðurkortinu. Ástæðan er sú að meirihlutanum af trjám hefur verið plantað í mólendi sem eflaust var ríkjandi gróðurlendi í dalnum og næsta nágrenni áður en ræktun í dalnum hófst og áhrifa byggðar fór að gæta. Til þess að gróðurkortidi yrði ekki of flókið aflestrar, var gróður á þeim svæðum sem trjám hefur verið plantað í ekki flokkaður sérstaklega. Þannig eru t.d. suðurhlíðarnar í efri hluta dalsins að mestum hluta merktar S1 og S2 vegna skógræktarinnar þótt lyngmóinn sé enn mjög áberandi gróður á meirihluta svæðisins.

Stærstu lyngmóasvæðin sem ekki hefur verið plantað í trjám eru syðst á svæðinu vestan við Dimmu. Ríkjandi tegundir í lyngmóanum eru *beitilyng*, *krækilyng*, *bláberjalyng* og *grasvíðir* (B4). Með þeim vex fjöldinn allur af öðrum tegundum t.d. vallelfting, hvítmaðra, kattartunga, vallhæra, axhæra, blávingull, túnvingull, blóðberg, undafíflar, gullmura, skarífífill, móasef, holtasóley, stinnastör, ljónslappi, sortulyng, bugðupuntur, músareyra, geldingahnappur, kornsúra, týtulíngresi og loðvíðir.

Víða er lyngmóinn grýttur, sumstaðar jafnvel stórgrýttur. Grjótið er allt vel gróið hrúðurfléttum og mosum.

Gulvíðir (D)

Á fjórum stöðum rétt ofan við stífluna er gulvíðikjarr (*gulvíðir-grös D5*) sem líklega er sjálfsáið. Þarna vaxa gróskumiklir gulvíðibrúskar á flæðilandi sem fer á kaf að hluta til a.m.k. þegar vatni er safnað í lónið ofan við stífluna. Á svæðinu er því talsverð rekja. Innan um gulvíðinn vaxa t.d. mýrastör, hálmgresi, flagasóley, tágamura og loðvíðir.

Graslendi (H)

Graslendi er eitt af stærstu gróðurlendunum í dalnum og hefur því verið skipt upp í sjö gróðurhverfi eftir fylgitegundum. Graslendið ríkir helst þar sem landi hefur verið umbylt á einhvern hátt og gróður er að nema land í annað sinn. Þetta á við um svæðið allt frá árósum og upp að skeiðvelli.

Graslendi (H1) er algengast í þessum flokki og finnst í 23 reitum víðs vegar um dalinn. Eins og nafnið bendir til eru grös ríkjandi í þessu gróðurhverfi. Þar er einkum um að ræða túnvingul, vallarsveifgras og húsapunt ásamt ilmreyr, hálingresi og vallhæru.

Grös með smárunnum (H3). Þegar lyng og smárunnar eru orðnir áberandi í graslendinu, flokkast það sem graslendi með smárunnum. Beitilyng og krækilyng eru oftast ríkjandi tegundir.

Graslendi með blómplöntum (H8) er algengt gróðurlendi á frekar mjórri ræmu meðfram bökkum Dimmu, sem eru brattir en ekki mjög háir. Þarna vaxa m.a. túnvingull, snarrótarpuntur, brennisóley, mjaðurt, fjalldalafífill, ætihvönn og geithvönn. Sumstaðar er blágresi að nema land.

Graslendi með blómplöntum og víðibrúskum (H9). Snarrótarpuntur, túnvingull og ilmreyr eru ríkjandi grastegundir. Innan um vex stórvaxin mjaðurt og fjalldalafífill og hér og þar teygir gulvíðir sig upp úr sverðinum og myndar brúska. Af öðrum tegundum má nefna túnfífla, hrafnaklukku, krossmöðru, hvítmöðru, vallhæru, vallelftingu og brennisóley.

Mosaríkt graslendi með blómplöntum og smárunnum (H10). Túnvingull, blávingull, hálingresi, týtulíngresi, ilmreyr og vallarsveifgras mynda gisinn grassvörð ásamt þursaskeggi og vallelftingu. Fjöldi annarra jurta vaxa innan um grasið t.d. holtasóley, krækilyng, gullkollur, blóðberg, hvítmaðra, túnfíflar, klóelfting og mosajafni. Birki er að skjóta upp kollinum á stöku stað. Mosar af ættkvíslinni *Racomitrium* eru algengir og fléttur af ættkvíslinni *Cetraria* og *Cladonia* eru hér og þar.

Af öðrum graslendissvæðum má nefna *þýft graslendi með snarrótarpunti (H12)*, þar sem snarrótarpuntur ríkir og *graslendi-mjaðurt (H13)* sem er lítið eitt rakt graslendi þar sem mjaðurtin er mest áberandi tegund.

Blómlendi (L)

Blómlendi er aðallega að finna meðfram vestari kvísl Elliðaána, í nánd við byggðina í dalnum austan ár og svæðinu neðan við Árbæjarskóla. Flestar tegundirnar sem eru ríkjandi í blómlendinu eru tegundir sem fylgja búsetu mannsins.

Útbreiddasta tegundin í blómlendinu er *alaskalúpína (L3)*. Dreifing hennar um dalinn sést vel á gróðurkortinu á 3. mynd. Þessi tegund er í mikilli útbreiðslu og hefur hún

víða farið yfir önnur gróðurlendi einkum mólendi. Hún var afmörkuð í 53 reitum á gróðurkortinu af dalnum og þekur um 8 ha.

Geithvönn (L5) myndar hvannstöð í deiglendinu í árhólmunum og er einnig í mikilli útbreiðslu. Hún var afmörkuð í 7 reitum á gróðurkortinu af dalnum og nær samtals yfir 2,5 ha.

Sigurskúfur (L7) vex í þéttum breiðum og skríður með jarðsprotum. Hann verður áberandi seinni hluta sumars þegar hann blómstrar rauðum blómum á löngum klasa. Hann var afmarkaður í 6 reitum á gróðurkortinu af dalnum og þekur um 0,35 ha.

Önnur blómlendi eru fátíðari og ná aðeins á fáum stöðum að mynda svo stórar breiður að unnt sé að afmarka þær á gróðurkortinu. Þetta eru: *Pistill* (L6), en þistilbreiðurnar verða áberandi á haustin þegar purpurarauðar blómkörfurnar opnast. *Kerfill* (L9) myndar breiðu á einum stað við Dimmu. Þetta er hávaxin jurt og áberandi. *Hóffífill* (L11) myndar breiður þar sem landi hefur verið raskað. Hann blómstrar snemma vors áberandi gulum körfublómum, en síðan vaxa upp stór hóflaga blöð sem ná mikilli þekju og hindra aðrar jurtir í að nema land. *Mjaðurt* (L13) og *njóli* (L 14) mynda breiður í blönduðum gróðurhverfum.

3.2.3 Votlendi

Votlendi er sjaldgæft í Elliðaárdal. Stærstu svæðin eru ofan við stífluna og í Blásteinshólma. Litlir mýrablettir eru við Dimmu. Einnig eru votlendisblettir neðan við stíflu vestan Árbæjarsafns, vestan við Ártún og í Árhólmum. Sunnan við Skálará og austan við Reykjanesbraut er einnig athyglisvert votlendi. Auk mýra og flóabletta eru í dalnum tjarnir með vatnagróðri.

Jaðar (T)

Jaðar (hálfdeygja) eru þau gróðurlendi kölluð sem eru á mörkum þurlendis og votlendis. Þau eru rök og í þeim eru oftast ríkjandi starir. Grös, hrossanál og víðir eru þar einnig oft áberandi. Í Elliðaárdal er jaðar aðeins að finna á litlum blettum, nema í hlíðarrótunum rétt ofan við stífluna. Þar er talsvert stórt svæði sem flokkast sem jaðar. Í Elliðaárdal er jaðrinum skipt upp í 3 gróðurhverfi.

Grös-starir (T5) finnast í 6 reitum í dalnum. Stærstu svæðin eru neðan við Ártúnsbrekku móts við dísselrafstöð Landsvirkjunar. Þar sýgur vatn undan brekkunni sem heldur svæðinu röku. Þarna vaxa snarrótarpuntur, hálíngresi og hrossanál í bland við mýrastör og mýrelftingu. Á milli eru blautari blettir þar sem klóffifa, engjarós eða hálmgresi ná að dafna. Annars staðar eru gulvíðir, loðvíðir, fjalldalafífill og mjaðurt að vaxa upp.

Snarrót-starir (T13). Allstórt svæði vestan við Eddubæ. Snarrótarpuntur, vallarsveifgras og hálíngresi vaxa með rakakærari tegundum svo sem mýrelftingu, klóffifu, skriðlíngresi og hrafnaklukku. Hér og þar eru birki og loðvíðir, brennisóley og túnsúra. Landið er víða þýft.

Grös-starir-blómplöntur (T14). Í þessu gróðurhverfi vaxa saman ætihvönn, mjaðurt og skógarkerfill ásamt mýrastör, hálíngresi, snarrótarpunti o.fl.

Mýri (U)

Mýrar eru það blautar að grunnvatnið í þeim nær upp í gróðursvörðinn. Nokkrir mýrablettir finnast hér og þar um dalinn, en samfelldustu mýrarnar er að finna um miðbik dalsins ofan stíflunnar þar sem votlendið er algengast. Einnig eru nokkrar mýrar á flatlendinu neðar í dalnum á móts við rafstöðina. Í mýrum Elliðaárdals er mýrastörin yfirleitt ríkjandi.

Mýrastör-fjalldrapi (U3) er í einum reit við árbakkann austan við Eddubæ.

Mýrastara-klóffumýri (U4) er í einum reit ofan við Árbæjarstíflu. Þarna ríkjja mýrastör og klóffá. Með þeim vaxa hálmgresi, engjarós o.fl.

Mýrastaramýri (U5) er algengasta votlendið. Hún var afmörkuð í 16 reitum á gróðurkortinu af dalnum og er samtals um 5,6 ha að flatarmáli. Mýrastör er ríkjandi tegund en með henni vaxa t.d. klóffá, engjarós, hrafnaklukka, hálmgresi, hófsóley og vætuskúfur. Sumstaðar eru blettir með gulstör, flagasóley eða vætuskúf.

Mýrastara-mýrelftingarmýri (U13). Þarna ríkjja mýrastör og mýrelfting en þar sem blautast er vex stór breiða af gulstör. Einnig er mikið af hrafnaklukku, hrossanál, klóffu og hrafnálfu. Þessi votlendisgerð var einungis skráð á einu svæði.

Tjarnastör-mýrelfting-mýrafinnungur (U17). Þetta gróðurhverfi er á einum stað austan við félagsheimili Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Í það hefur verið grafinn grunnur skurður og plantað í það öspum sem dafna margar illa. Þarna er tjarnastör ríkjandi ásamt mýrelftingu og mýrafinnungi. Aðrar áberandi tegundir eru hrafnaklukka, mjaðurt, fjalldalafífill, kornsúra, bláberjalýng, gulmaðra, túnfíflar og brennisóley.

Gulstör-grös (U31). Svæðið sunnan við klakhúsið og neðan við Ártún hefur verið ræktað upp, en vegna þess hve mikill raki leitar á svæðið undan brekkunni ofan við hefur það haldist vel rakt þrátt fyrir framræslu. Þess vegna hafa gulstör, engjarós, mýrastör og fleiri votlendisplöntur náð að halda þar velli og vaxa þar innan um túngrösin.

Sérbýlisstör-mýrastör (U32). Lítil blettur neðan við félagsheimili Rafmagnsveitu Reykjavíkur, ekki langt frá Kjartanslundi. Þarna vex mikið af sérbýlisstör og er það eini staðurinn þar sem hún fannst í dalnum. Með henni vaxa mýrastör, engjarós, mýradúnurt, klóffá, hrafnaklukka og fleiri tegundir.

Flói (V)

Flói er það blautt votlendi að grunnvatnið í þeim nær að fljóta yfir gróðursvörðinn. Þeir fáu flóablettir sem eru í dalnum eru allir smáir og þá er alla að finna við bakka árinna. Í flóunum er tjarnastör í flestum tilvikum ríkjandi tegund, en klóffá kemur líka fyrir.

Tjarnastör (V2). Tjarnastörin er mjög hávaxin og verður nær einráð á blettum með ánni, einkum Dimmu. Með henni vex stundum horblaðka sem teygir sig lengra en störin út í ána. Snemmsumars verða stórir blómklasar horblöðkunnar áberandi.

Klófffa (V3). Eini staðurinn þar sem vott af klóffuflóa er að finna er rétt utan við suðvesturhorn Árbæjartúnsins. Þar er klóffan ríkjandi á litlum blettum óaðgreind frá *mýrastör-mýrelftingu* (U13).

Tjarnastör-mýrastör (V9). Í botni lónsins ofan við Árbæjarstíflu er á blettum mýrastör ríkjandi með tjarnastörinni í annars einkennandi tjarnastaraflóa.

3.2.4 Vatnagróður

Vatnsnál-fergin-lófótur (Y9). Nokkrar tjarnir í Árhólma hafa að geyma vatnagróður. Tjarnarbakkinn er oft vaxinn mýrastör, klóffu, hálmgresi, hrafnaffu, mýrelftingu, hófsóley og flagasóley. Úti í tjörninni sjálfri vaxa hins vegar fergin, vatnsnál og lófótur og sumstaðar má finna síkjabrúðu, grasnykru, fjallnykru og þráðnykru.

3.2.5 Ræktað land

Ræktaðu landi er skipt upp í tvo meginflokka. Annars vegar eru *garðlönd, tún* og *uppgræðsla* (R) og hins vegar *skóg- og trjárækt* (S).

Tún og garðlönd (R)

Fyrir utan *garðlöndin* (R1) þá koma grös við sögu í öllum hinum flokkunum. *Tún* (R2) nær yfir venjuleg tún og aðrar sléttadar, ræktaðar grasflatir sem eru ábornar og slegnar reglulega. Tún af þessari gerð eru í 39 reitum og dreifð um allan dalinn. Af grastegundum sem vaxa í þessum túnum má nefna hálmgresi, túnvingul, snarrótarpunt, háliðagras, vallarsveifgras og týtulíngresi. Innan um grösina vaxa svo ýmsar blómjurtir, t.d. brennisóley, skarífífill, túnfíflar, túnsúra, hvítsmári, maríustakkur, lokasjóður, skriðsóley, gulmaðra og krossmaðra.

Gamalt tún (R3) nær yfir öll tún sem eru í órækt, þ.e. þau sem ekki hefur verið borið á eða þau slegin um nokkurt skeið. Undantekning frá þeirri reglu er þó *gamalt snarrótar-tún* (R7) sem er merkt sérstaklega. Það tún sem er vestan við Eddubæ er verulega þýft. Í því vaxa t.d. vallarsveifgras, hálmgresi, snarrótarpuntur, mjaðurt, maríustakkur, krossmaðra, ilmreyr, kornsúra, stinnastör, túnfíflar, fjalldalafífill og brennisóley. *Ræktað graslendi* (R5) nær yfir land sem hefur verið ræktað upp án þess að ætlunin hafi verið að gera tún úr því (uppgræðslusvæði).

Skógrækt og trjárækt (S)

Í þennan flokk fellur allur ræktaður skógur og öll trjárækt í dalnum. Eins og fram kom fyrir í þessum kafla þá er ekki um að ræða nema einn flokk kjarlendis í dalnum sem ekki hefur verið gróðursettur þ.e.a.s. *gulvíðir-grös* (D5).

Trjám hefur verið plantað í Elliðaárdal um langt árabil, eins og glögggt má sjá á mismunandi hæð og þroska trjáanna. Víða eru gamlir, nokkuð hávaxnir samfelldir skógar, en sumstaðar er gróðursetningin svo nýlega afstaðin að erfitt getur reynst að greina plönturnar frá öðrum gróðri. Finna má öll stig þarna á milli vítt og breitt um dalinn. Í þeim tilvikum sem aðeins ein trjátegund vex í afmörkuðum trjáræktarreitum, eru þeir oftast merktir sérstaklega með gróðurtákni viðkomandi tegundar.

Þar sem skóg- og trjáræktin er blönduð, þ.e. fleiri en ein trjátegund vex í viðkomandi reit, er skógurinn flokkaður í tvennt eftir hæð og þéttleika. Þannig fellur meira en mannhæðar hár, þéttvaxinn skógur, undir flokkinn S1 en svæði þar sem trén eru minna en mannhæðar há fara í flokkinn S2. Undir seinni flokkinn getur einnig fallið gisinn skógur með trjám sem eru meira en mannhæðar há. Þar sem skógurinn er ungur er það gróðurlendi, sem fyrir var er plöntun hófst, mun meira áberandi og í raun ríkjandi í gróðurfarinu, þrátt fyrir að landið sé merkt sem skóg- eða trjárækt á kortinu. Víða er það lyngmói sem hefur verið lagður undir trjárækt.

3.3 Fuglalíf Elliðaárdals

Fuglalíf er fjölbreytt í Elliðaárdal; mest er þar um fugla á varptíma en einnig er slæðingur af fuglum í dalnum allan ársins hring (4. tafla). Athuganir beindust einkum að varpfuglum. Einnig var hugað að vetrarfuglum en aðallega stuðst við eldri upplýsingar og athuganir gerðar veturinn 1997/1998 (Hugi Jónsson og Yann Kolbeinsson 1998). Talsvert fuglalíf er í dalnum allan veturinn og meðal sjaldgæfra tegunda má nefna gulönd, en nokkrir fuglar halda að jafnaði til efst í Elliðaánum.

3.3.1 Varpfuglar

Varpfuglafánan í Elliðaárdal er fjölbreytt þrátt fyrir að byggð hafi þrennt þar verulega að. Þá setur margvísleg ræktun mikinn svip á stóran hluta dalsins og hefur það einnig valdið verulegum breytingum á fuglalífinu; flestum tegundum hefur fækkað en nokkrum fjölgað. Alls hafa 24 tegundir orpið í Elliðaárdal, flestar (20–22) ofan stíflu. Þar má nefna nokkrar andategundir, m.a. hina litskrúðugu straumönd (3. tafla). Neðan stíflu hafa 13 tegundir orpið svo vitað sé. Margar fuglategundirnar eru afar fáliðaðar og framtíð þeirra í dalnum mjög tvísýn (6. og 7. tafla). Hér má nefna álft, straumönd, rjúpu, jaðrakana og steindepil.

Fjölbreytni varpfuglafánu er að jafnaði mest á hinum tiltölulega lítt röskuðu svæðum efst í dalnum. Einnig er allfjölbreytt fuglalíf utan aðaltrjáræktarsvæðanna í neðri hluta dalsins, jafnvel þar sem talsverð röskun og umrót hefur orðið af mannavöldum (7. mynd; 5. og 6. tafla). Aðra sögu er hins vegar að segja af barrlundunum miklu í Árhólma, þar er fuglalíf fábreytt. Einungis tvær tegundir verpa þar að staðaldri, skógarþröstur og auðnutittlingur, en þéttleiki þeirra er hins vegar mikill. Til samanburðar má geta þess að í hlíðum dalsins beggja vegna verpa 6–7 tegundir fugla (7. mynd; 6. tafla).

3.3.2 Vetrargestir

Talsvert er af fuglum í Elliðaárdal árið um kring og á veturna sjást þar að jafnaði um 20 tegundir (sbr. 5. töflu). Tíðarfar ræður miklu um hversu mikið af andfuglum heldur til á ánum en stökkendur og gulendur eru þar allan veturinn. Einnig er nokkuð um fugla í trjálundum, m.a. sjást þar nokkrir músarrindlar á hverjum vetri og branduglur alloft. Þá hafa ýmsar tegundir flækingsfugla sést í dalnum.

5. tafla. Fuglar skráðir í Elliðaárdal, frá Elliðavatni að brúm við Ártún

Líklegar varptegundir eru auðkenndar með x. Skráin er ekki tæmandi hvað varðar sjaldgæfa fugla (flækingsa) sem sést hafa í dalnum.

Tegund	Staða
Fýll	Vor- og sumargestur
Gráhegri	Sjaldséður vetrargestur
x Álft	Strjáll varpfugl og vetrargestur
x Grágæs	Strjáll varpfugl og vetrargestur
Rauðhöfðaönd	Sjaldséður gestur sem sést á ýmsum tímum árs
x Urtönd	Verpur strjált við efri hluta Elliðaánna
x Stökkönd	Alg. varpfugl og strjáll vetrargestur
x Skúfönd	Nokkur pör verpa ofarlega á Elliðaám; kolla m/unga 1996
Duggönd	Sjaldséð á efri hluta Elliðaánna og kann að verpa
x Straumönd	Sjaldgæf efst á Elliðaám og verpur reglulega (1–2 pör)
x Toppönd	Strjál á Elliðaánum árið um kring, verpur eitthvað
Gulönd	Árvið vetrargestur á Elliðaánum, einkum á efri hluta ána
Smyrill	Stöku fuglar sjást á veturna
Fálki	Stöku fuglar sjást á veturna
x Rjúpa	Strjáll varpfugl í Elliðaárdal ofan stíflu, allalgeng á veturnum
x Tjaldur	Strjáll varpfugl ofan stíflu
x Sandlóa	Strjáll varpfugl og verpur á nokkrum stöðum dreift dalinn
x Heiðlóa	Strjáll varpfugl og verpur á nokkrum stöðum
Lóupræll	Sést stundum við ofanverðar Elliðaár, óvíst með varp
x Hrossagaukur	Allalgengur varpfugl víða um dalinn og sést stundum á veturna
x Jaðrakan	Afar strjáll varpfugl í efri hluta dalsins (1 par ofan við Skeiðvöllinn)
x Spói	Strjáll varpfugl, einkum í efri hluta dalsins
x Stelkur	Fremur strjáll varpfugl; sést einnig við neðanverðar árnar á veturnum
Hettumáfur	Allalg. gestur og kann að hafa orpið
Sílamáfur	Alg. gestur frá vori og fram á haust, kann að hafa orpið
Hvítmáfur	Sést stundum á flugi yfir dalnum á veturna
Svartbakur	Stöku fuglar sjást allt árið, einkum þó á veturnum
Hringdúfa	Flækingsfugl sem hefur stundum sést í Elliðaárdal og Ártúnsbrekku
Húsdúfa	Sést stundum í dalnum
Brandugla	Stöku fuglar halda til í grenilundinum í Árhólma flesta vetur
x Kría	Allalg. gestur og verpur nú á einum stað (Ártúnsbrekka)
x Þúfutittlingur	Alg. varpfugl víða í dalnum
x Maríuerla	Fremur strjáll varpfugl
Músarrindill	Fáeinir fuglar halda til í trjálundunum frá hausti og fram á vor
x Steindepill	Afar strjáll og verpur nú aðeins á einum stað; alg. varpfugl áður
Glókollur	Tveir – þrír fuglar hafa haldið til í Árhólma á veturnum síðan 1996
x Skógarpröstur	Alg. varpfugl í trjálundunum; stöku fuglar sjást allan veturinn
x Hrafn	Alg. gestur árið um kring (allt að 30 saman); varp áður í Kermóa
x Stari	Alg. árið um kring og verpur víða í mannvirkjum í grennd við árnar
x Auðnutittlingur	Algengur varpfugl í trjáræktarreitum, einkum í Árhólma og sést allt árið
x Snjótitlingur	Alg. vetrargestur og varp áður við Elliðaár
Fjöldi tegunda	41

6. tafla. Varpfuglar á talningarstöðvum í Elliðaárdal, neðan Árbæjarstíflu

Staðsetning stöðva er sýnd á 6. mynd. Tölur tákna hversu algeng tegundin er innan 100–200 m hringmáls frá athugunarstað; 1 = strjál, 2 = allalgengur, 3 = algengur, G = varp áður. Tölur innan sviga tákna að varp er hugsanlegt, en ekki staðfest.

	Stöð 1	Stöð 2	Stöð 3	Stöð 4	Stöð 5	Stöð 6	Stöð 7	Stöð 8
Tegund								
Stökkönd				(1)			(1)	
Sandlóa					1	1		
Heiðlóa	1					1		
Hrossagaukur	1			1	2	1	1	1
Spói					1			
Stelkur				1		1	1	
Kría						2		
Þúfuttlingur	1			2	3	2	1	1
Maríuerla				1				
Skógarþröstur	1	3	3	3	1	1	1	1
Hrafn	G							
Stari	1			1	1		1	1
Auðnutittlingur		2	1	1	(1)			
Tegundir alls 13	6	2	2	7–8	6–7	7	5–6	4

7. tafla. Varpfuglar á talningarstöðvum í Elliðaárdal, ofan Árbæjarstíflu

Staðsetning stöðva er sýnd á 6. mynd. Tölur tákna hversu algeng tegundin er innan 100–200 m hringmáls frá athugunarstað; 1 = strjál, 2 = allalgengur, 3 = algengur, G = varp áður. Tölur innan sviga tákna að varp er hugsanlegt, en ekki staðfest.

	Stöð 9	Stöð 10	Stöð 11	Stöð 12	Stöð 13	Stöð 14	Stöð 15
Tegund							
Álft				1			
Grágæs	1	1		1			
Urtönd	1			1			
Stökkönd	1	1	1	2			
Skúfönd	1	(1)		(1)			
Duggönd	(1)						
Straumönd	1						
Toppönd	(1)			1			
Rjúpa					1		1
Tjaldur				1			
Sandlóa			1	1			
Heiðlóa	1	1	1	2	1	1	1
Hrossagaukur	2	3	1	3	1		1
Jaðrakan		1					
Spói		1	1			1	1
Stelkur	1	2		1			
Sflamáfur							
Kría							
Þúfuttlingur	2	3	2	3	3	1	2
Maríuerla	1						
Steindepill					1		
Skógarþröstur	1	1			3	2	
Stari	1						
Auðnutittlingur					1		
Tegundir alls 24	12–14	9–10	6	11–12	7	4	5

3.4 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Elliðaárdal

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1996–2016 fellur Elliðaárdalurinn undir almenna borgarvernd. Svæði sem falla undir almenna borgarvernd hefur borgarstjórn samþykkt að vernda vegna náttúru, umhverfis, útivistar eða menningarsögulegs og listræns gildis. Almenn borgarvernd felur í sér aðhald í umfjöllun í nefndum og ráðum borgarinnar. Allar framkvæmdir eða breytingar á svæðum sem falla undir borgarvernd eru háðar samþykki borgarstjórnar.

Elliðaárdalur í landi Reykjavíkur og Kópavogs er á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996). Þar er svæðið afmarkað við vatnasvið Elliðaánna í Elliðaárdal frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. Náttúruverndarráð skilgreinir svæðið sem fjölbreytt að náttúrufari og telur það kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.

Í ritinu Höfuðborgarsvæðið, náttúruvernd (1981) er talið æskilegt að Elliðaárdalurinn verði lýstur fólkvangur. Þar segir á bls. 31 og 32: „1. Dalurinn sem Elliðaár, Dimma og Bugða falla eftir. 2. Grunnur dalur með mikið útivistargildi. Tengist lífríku vatnakerfi og tengir borgina við víðáttumikil útivistarsvæði ofan byggðar.”

Elliðaárdalurinn er eitt víðáttumesta útivistarsvæði í Reykjavík og þjónar vel borgarbúum öllum og ekki síst fjölmönnum byggðum í Árbæjar- og Breiðholtshverfum. Dalurinn er einnig tengdur öðrum útivistarsvæðum borgarinnar með þéttriðnu neti göngu og reiðhjólástíga. Hann var eitt mest nýtt útivistarsvæði borgarinnar samkvæmt könnun Reykjavíkurborgar frá árinu 1997.

Vegna umsvifa, einkum mannvirkjagerðar og mikillar ræktunar, er ekki hægt að flokka dalinn sem villt, óraskað svæði. Fremur mætti kalla hann borgargarð (city park). Sumstaðar í dalnum er þó að finna svæði þar sem villt náttúra ræður ríkjum.

Elliðaárdalurinn er ákaflega mikilvægur hlekkur í keðju útivistarsvæða borgarinnar. Hér verður lögð áhersla á að vekja athygli á þeim stöðum í dalnum sem enn er hægt að flokka sem villta náttúru. Með því að leyfa þeim að haldast óröskuðum verður hægt að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í dalnum hvað gróðurlendi, flóru (plöntutegundir) og fugla varðar, en flestar íslenskar fuglategundir eiga sér kjörsvæði í villtri náttúru. Afar mikilvægt er að ná þessu markmiði.

Í Elliðaárdal eru margar merkar jarðmyndanir og mjög fróðlegar minjar um háa sjávarstöðu í lok ísaldar. Dalurinn hefur því mikið fræðslu og vísindagildi hvað þetta varðar. Leitahraunið (um 4.500 ára gamalt) er einstakt, því að engar höfuðborgir geta státað af nýlegum hraunum innan sinna borgarmarka. Ástæða er til að vernda hluta af upprunalegu yfirborði hraunsins sem einkum er að finna á svæðinu neðan við Árbæjarstífluna. Verði það gert þarf að takmarka uppgræðslu og skógrækt á því svæði.

Þeir staðir í Elliðaárdal sem flokkast sem villt náttúra eru fáir. Stærstu svæðin eru árbakkar Dimmu og Blásteinshólmi. Lögð er rík áhersla á að þessir staðir fái að njóta sín sem slíkir í framtíðinni. Þetta þýðir að sérstaklega þarf að fylgjast með þessum svæðum og koma í veg fyrir að inn á þau sæki ágengar plöntutegundir (t.d. alaskalúpína) og sýna sérstaka aðgát við lagningu göngustíga o.s.frv. Vakin er athygli á eftirtöldum stöðum í Elliðaárdal sem telja má enn lítt spillta af raski manna.

- Hraun, mólendi og votlendi finnast í Blásteinshólma. Gróðurfar hólman's ber að varðveita í þeirri mynd sem hann nú er og leyfa gróðrinum að þróast þar áfram eftir eigin lögmálum. Í Blásteinshólma er e.t.v. að finna dæmi um gróðurfar eins og var í hólmunum neðan við stífluna áður en trjárækt hófst og því mikilvægt svæði til að viðhalda fjölbreytni. Lítið er af alaskalúpínu í hólmanum ennþá, en hana þarf að uppræta til að koma í veg fyrir að hún kaffæri þann gróður sem fyrir er.
- Árbakkar Dimmu. Vel grónir, grösugir bakkar. Víða vex votlendisgróður út í ána. Fuglalíf í Elliðaárdal er fjölbreyttast á þessu svæði. Þar verpa m.a. nokkrar andategundir, jaðrakan og lóupræll sem ekki er að finna annarstaðar á þeim svæðum sem hér eru tekin til umfjöllunar. Mikilvægt er að bakkar Dimmu og næsta nágrenni fái að halda þeim svip sem þar er nú.
- Mólendið með gullkollinum í Ártúnsbrekku ofan við Ártún. Þarna er brekkan að gróa upp án afskipta mannsins og er afar gott dæmi um hvernig land grær upp á sjálfbæran hátt. Þar að auki er tegundafjölbreytnin mikil þannig að allt sumarið er hægt að sjá tegundir í blóma fyrir utan gullkollinn t.d. holtasóley, blóðberg, hvítmöðru, túnfífil, skarífífil, brönugrös auk tungljurtar og mosajafna. Þarna er að finna afar fræðandi og fjölbreytt gróðurlendi sem er að gróa upp á eigin forsendum. Hvað fræðsluna varðar má benda á að afar fróðlegt er að bera þennan gróður saman við gróðurinn sem dafnar í næsta nágrenni í skóginum í brekkunni rétt austar.
- Á gróðurkortinu af Elliðaárdal eru öll stærstu votlendissvæðin merkt inn. Þau ber öll að varðveita fyrir raski, plöntun og framræslu.

Nú er fullplantað í Elliðaárdal þannig að nú þarf að leggja áherslu á umhirðu og grisjun trjáplantna. Víða í Árhólmunum er skógurinn mjög þéttur og hindrar að sólarljós nái niður í gróðursvörðinn. Með því að auka grisjun og stækka rjóður inni í skóginum nýtist svæðið útivistarfólki mun betur. Hafa ber í huga við trjárækt að fólk sækir í skjól af trjám og í skógarjaðar, en fer síður inn í dimman kaldan skóg. Þess vegna er óþarfi að eyða miklu landrymi undir skóglendi en huga að trjáreitum og skjólbeltum, einkum þar sem land er takmarkað, eins og í Árhólmunum.

- Fáar fuglategundir verpa á trjáræktarsvæðunum og aðeins tvær þeirra eru algengar (skógarþröstur og auðnutittlingur). Í jöðrum og rjóðrum trjálundanna verpa stöku stelkar, hrossagaukar og þúfutittlingar. Því er mikilvægt að viðhalda opnum svæðum og rjóðrum í dalnum, annars mun fuglategundum sem eiga sér hreiður á svæðinu fækka til muna.

Ræktun alaskalúpínu í Elliðaárdal orkar mjög tvímælis. Dalurinn er allur meira og minna algróinn og engin hætta á uppblæstri. Lúpínubreiðurnar eru þegar búnar að kæfa annan gróður og alltof mörg dæmi eru um að jurtin sé að breiðast inn á gróid land á kostnað þess gróðurs sem fyrir er, en þar með minnkar fjölbreytni svæðisins. Þetta er einkum áberandi í mólendi. Mólendið er einmitt eitt af þeim gróðurlendum sem leggja ber áherslu á að viðhalda í Elliðaárdal. Með því móti haldast þar áfram allmargar plöntutegundir sem annars er hætta á að hverfi. Auk þess er mólendið bráðnauðsynlegt fyrir mófuglana bæði sem varpland og fæðusvæði.

Úttekt var gerð á útbreiðslu alaskalúpínu í borgarlandinu sumarið 1996 (Borgþór Magnússon 1997). Þar segir m.a. „Lúpína er mjög útbreidd með Elliðaánum og finnst þar allt frá upptökum til ósa. Mest er um hana í Ártúnsholti, í vesturbakka dalsins milli Vesturlandsvegur og hitaveitustokks, á melum norðan árinna milli Árbæjarkirkju og Fylkissvæðis og í Breiðholtshvarfi upp af Vatnsveituvegi. Víða annars staðar er hún í smá breiðum eða blettum mestmegnis meðfram ánum, svo sem á Geirsnefi, í Árhólum, í Blásteinshólma og inn með ánum austan Breiðholtshverfis. Óvíða sjást merki um að lúpínan sé tekin að hörfa í dalnum en hins vegar er hún víðast hvar í mikilli útbreiðslu og mun væntanlega þekja mun stærra svæði á næstu árum og áratugum en hún gerir nú.”

Hér er minnt á að umhverfismálaráð (frá 1999 heilbrigðis- og umhverfisráð) hefur tvívegis samþykkt að hefja skuli framgang alaskalúpínu í borgarlandinu. Hér skal lögð áhersla á að Elliðaárdalurinn er einmitt eitt af þeim svæðum sem koma til með að missa mikið ef þessi ágenga tegund nær yfirhöndinni í gróðurfari dalsins. Því er lagt til að sérstök áhersla verði lögð á kerfisbundinn lúpínuslátt í dalnum um blómgunartímum til þess að jurtin sái sér ekki víðar en orðið er.

- Lagt er til að alaskalúpínan sem vex á svæðinu frá upptökum Dimmu niður að Elliðaárstíflu verði slegin árlega og þannig komið í veg fyrir að hún dreifist meira um svæðið en orðið er. Með því móti einu verður komið í veg fyrir að árbakkar Dimmu og Blásteinshólmi verði undirlagðir af þessari ágengu tegund og hinum villta gróðri á svæðinu verði bjargað. Með því einu verður hægt að viðhalda fjölbreytni gróðurs og fuglalífi á svæðinu.
- Minkur er landlægur við Elliðaár og á hverju ári eru unnin þar nokkur greni (Guðmundur Björnsson, munnl. uppl.). Minkurinn er afkastamikið og grimmt rándýr og auk þess aðskotadýr í íslenska náttúru. Því er sjálfsagt að reyna að halda honum í skefjum. Annað rándýr er einnig algengt í dalnum, kötturinn, og eiga þar bæði í hlut svokallaðir villikettir og heimiliskettir. Þeir síðarnefndu eru engu minni rándýr en kettir sem verða að veiða sér til matar.
- Vatnsbúskapur Elliðaáanna hefur hingað til að mestu farið eftir þörfum Rafmagnsveitunnar og laxveiðimanna. Aldrei hefur verið tekið tillit til gróðurs eða fuglalífs. Dæmi eru um að skyndileg tæming lónsins ofan við stífluna hafi eyðilagt álfstavarpíð í Blásteinshólma, en þar hefur álftr orpið í a.m.k. 20 ár. Lagt er til að haft verði samráð við sérfróða þegar vatni er hleypt úr Árbæjarlóni.
- Melar, móar og önnur opin svæði hafa mikla þýðingu fyrir sumar fuglategundir sem eru nú á undanhaldi í borgarlandinu, t.d. heiðlóu, stelk, hrossagauk og þúfutittling. Allt eru þetta tegundir sem hverfa þegar skógur vex upp. Því ber að gæta hófs í að slétta þá eða rækta. Þetta á við um allmörg svæði í Elliðaárdal og í Elliðavogi.
- Fjarlægja þarf gömul sumarhús, bílaverkstæði og fleiri mannvirki. Af þeim flestum er óþrýði, þau eldsmatur fyrir utan að þau setja ljótan svip á annars snyrtilegan dalinn.

Umgengni um Elliðaárdal er yfirleitt til sóma. Helst er að finna átroðning á svæðum, einkum á hrauninu við árnar, þar sem mest er gengið um vegna veiði.

4 ÚLFARSÁ NEÐAN VESTURLANDSVEGAR

Úlfarsá á upptök í Hafravatni og fellur í mörgum sveigum og bugðum til vesturs, sunnan undir Úlfarsfelli. Hún er um 9 km löng. Við Vesturlandsveg skiptir áin um nafn og kallast eftir það stundum Korpúlfsstaðaá eða Korpa. Áin neðan vegar er um 4 km löng. Vatnasviðið er um 48 km², meðalrennsli um miðbik ár 1,55 m³/s (32l/s/km²). Rennslíð er mest í febrúar og mars en minnst í júní og júlí (Almenna verkfræðistofan 1994).

Fjallað var um Úlfarsá ofan (austan) Vesturlandsvegar í skýrslunni um náttúrufar í Austurlandi Reykjavíkur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Hér verður sagt frá náttúrufari meðfram ánni frá Vesturlandsvegi að ósi í Blikastaðakró.

Úlfarsá fellur í ótal bugðum og sveigum til sjávar. Hún er yfirleitt 10–20 metra breið, tær og aldrei mjög straumpung. Víða eru fossar og flúðir. Fossaleynisfossar eru undir Keldnaholti og Króarfoss við ósinn. Fleiri fossar eru neðst í ánni þar sem fall hennar er mest og flúðir flestar. Árbakkarnir eru yfirleitt ríkulega grónir.

Ofan við Fossaleynisfossa er stífla vegna vatnstöku Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi og ofan hennar er dálítið lón.

4.1 Jarðfræði við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar

Jarðfræði svæðisins einkennist af jarðlagastafla frá því um miðbik ísaldar, eða um tveggja milljón ára gömlum. Í staflanum skiptast á hraunlög og setlög. Einkum ber þar nokkuð á völubergslögum en opnur í berggrunninn eru ekki samfelldar. Skipta má jarðlögunum á þessu svæði í tvennt. Annars vegar allþykka syrpu af þykkum apalhraunum sem nefnist Korpúlfsstaða-þóleiít og eru neðstu lögin sjáanleg í Rauðabás. Þessi hraun eru 8 til 10 talsins og samtals tæplega 100 m þykk og öll öfugt segulmögnuð. Undir syrpu er 3–5 m þykkt völubergslag sem ber merki um jöklun. Hins vegar eru helluhraun, Korpu-ólivínþóleiít, sem eru næst Úlfarsá og eru þau yngri en Korpúlfsstaðasyrpan. Það er syrpa af öfugt segulmögnum dyngjuhraunum sem eru samtals um 50 m þykk og ná upp undir Vesturlandsveg.

Leirvogshólmi er af allt öðrum toga. Hann er leifar af hlýskeyðshrauni (grágrýti) sem runnið hefur ofan af Mosfellsheiði, líklega um skarðið milli Úlfarsfells og Hafrahlíðar og þaðan niður dalinn hjá Syðri-Reykjum og í sjó fram. Hraun þetta hefur upphaflega verið mun stærra en jöklar ísaldar hafa sorfið það og rofið svo að eftir standa einungis tiltölulega litlir flákar.

4.2 Gróðurfar við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar

Á gróðurkorti af svæðinu (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1988) sést að meðfram ánni beggja vegna er graslendi ríkjandi og ræktuð tún. Einnig má finna mólendisblett, mýrasund og jaðarsvæði. Auk þess finnast melar, flög og votlendi á litlum blettum sem ekki er hægt að sýna á gróðurkorti í þessum mælikvarða.

Gengið var niður með ánni vestanverðri frá brúnni á Vesturlandsvegi. Þarna rennur áin í um 10 m breiðum árfarvegi. Straumur er lítill og botninn sléttur. Bakkar lágir en brattir og algrónir. Á stöku stað teygja engjarós og horblaðka sig út í ána. Áberandi tegundir eru mýrastör, hrossanál, fjalldalafífill, brennisóley, klóelfting, maríustakkur,

ilmreyr, vallarsveifgras, snarrótarpuntur, hrafnaklukka, hvítsmári, ætihvönn, mjaðurt, túnfíflar, kornsúra, lokasjóður, vegarfi og hálmgresi. Á bakkanum á móti er graslendi ríkjandi ásamt víðiplöntum sem mynda brúka hér og þar.

Ofan við bakkann að vestanverðu er mólendi með fjölbreyttum mólendisgróðri. Áberandi eru beitilyng, krækilyng, ljónslappi, gulmaðra, hvítmaðra, blóðberg, holtasóley, melablóm, kattartunga, blávingull, túnvingull, blásveifgras, jakobsfífill, axhæra, vallhæra, grasvíðir, geldingahnappur, lambgras, móasef, ljósberi, krossmaðra, bugðupuntur og vallelfting. Fléttur af ættkvíslunum *Cetraria*, *Cladonia* og *Stereocaulon* eru áberandi ásamt mosanum melagambra. Búið er að gróðursetja birki í svæðið.

Neðan við hús Iðntæknistofnunar er árbakkinn á kafla vaxinn gróskumiklum fjalldalafífli í bland við mjaðurt og brennisóley. Víða er loðvíðir áberandi á blettum og ætihvönn er sumstaðar. Á austurbakkanum er alaskalúpína í hraðri útbreiðslu.

Ofan við stíflu Áburðarverksmiðjunnar er lítið lón. Í lóninu vex fjallnykra. Bakkar lónsins eru grónir á svipaðan hátt og árbakkarnir fyrir ofan. Alaskalúpína er í útbreiðslu á svæðinu.

Neðan við stífluna í Fossaleynisfossum eru tveir hólmar, ágætlega grónir. Þar ber mest á mýrelftingu, vallarsveifgrasi, brennisóley, ætihvönn, túnsúru og gulvíði. Neðan við fossana er ákaflega grösugt til að byrja með. Þar ægir saman deiglendistegundum, t.d. mýrelftingu og mýrastör. Mjaðurt nær miklum þroska og kögrar árbakkann en brennisóley vex um allt. Gulvíðir er einnig áberandi ásamt fjalldalafífli og krossmóðru.

Síðan tekur við blautara svæði, Fossaleynir, þar sem mýrastör er ríkjandi, en snarrótarpuntur og önnur grös dafna þar sem þurrara er og sumstaðar eru mjaðurt og brennisóley ríkjandi. Neðst í þessu votlendissvæði er tjörn algróin af fergini, mýrastör og engjarós.

Við enda mýrarinnar er brú yfir ána. Á þessum slóðum er hún lygn, slétt í botninn og hjalar við bakka. Þráðnykra og síkjamarí vaxa í lygnum í ánni og á nokkrum stöðum vaxa fergin, engjarós, vætuskuður og horblaðka út í ána og auka mjög á fjölbreytnina. Uppi á bakkanum drottnar mjaðurtin með grasinu og á stöku stað eru breiður af umfedmingsgrasi. Á milli eru blautari blettir þar sem mýrastör og mýrelfting ná sér upp.

Á beygju á ánni neðan við Díla á Korpúlfsstaðatúni er malareyri að gróa upp. Hóffífill er þar áberandi ásamt túnsúru, baldursbrá, alaskalúpínu, klóelftingu, skurfu, brennisóley, njóla, skarífífli, skriðsóley og hundasúru.

Neðan við Korpúlfsstaðatúnin breytist gróðurfarið meðfram ánni nokkuð á þann hátt að gulstör verður áberandi víða á árbakkanum. Lófótur finnst í skurðum.

Síðan verður aftur breyting þegar komið er norður fyrir hús Tilraunastöðvarinnar á Korpu. Þar liggur girðing þvert yfir ána og komið er í land sem er bitið af hrossum beggja vegna árinna. Nær þetta beitta svæði allt norður að árósi með tveimur undantekningum þar sem eru óbeitt hólfi.

Næst Tilraunastöðinni er tegundasamsetningin svipuð og áður, en gróður allur snöggt bitinn næst ánni, en upp frá henni eru melar. Norðar er minna um graslendi meðfram ánni. Landslag breytist. Bratt verður að ánni og landið fær nýjan svip. Gróðurfarið einkennist á köflum meira af melagróðri þar sem finna má tegundir svo sem fjallasveifgras, lógresi, mosajafna, vetrarsteinbrjót og tungljurt.

Víða meðfram ánni beggja vegna, bæði í landi Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar, er landið illa farið af hrossabeit: Stór moldarflög, mikið traðk og snöggbittinn gróður.

4.3 Fuglalíf við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegur

Talsvert fuglalíf er meðfram Úlfarsá ofan (austan) Vesturlandsvegur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Þar verpa m.a. nokkrar andartegundir og lítils háttar æðarvarp er við uppistöðulón Áburðarverksmiðjunnar. Mjög hefur verið gengið á landið meðfram ánni og munar þar mest um golfvöllinn. Mófuglar eru á undanhaldi og erfitt er að komast óhultur meðfram árbakkanum á löngu svæði vegna skæðadrífu af golfkúlum.

Fylgst hefur verið reglulega með fuglum í neðanverðum Úlfarsárdal í átta ár, frá því í nóvember 1991 fram til þessa dags (maí 1999), af einum höfunda (JÓH). Umfjöllunin hér tekur þó aðeins til athugana fram í nóvember 1997. Umrætt svæði er Úlfarsá frá Lambhaga/Engi skammt niður fyrir brú á Þjóðvegi. Í júní og júlí 1995 voru allir fuglar taldir frá upptökum til ósa í tengslum við könnun á náttúrufari í austurlandi Reykjavíkur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Í þessum talningum voru allir fuglar taldir á ánni og um 200–300 m breiðu belti sitt hvoru megin ár (sjá 3. viðauka).

Árið 1997 var fylgst sérstaklega með fuglalífi á Úlfarsá frá Vesturlandsvegi að stíflulóni ofan Fossaleynisfossa og stundum niður fyrir fossana. Þetta svæði var skoðað að jafnaði tvisvar til þrisvar í viku alla mánuði ársins. Sex sinnum hefur verið talið á ánni frá Úlfarsárbæ að ósi um áramót, 1993/94–1998/99. Þessar talningar voru hluti af vetrartalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Það skal ítrekað hér að áin er ein líffræðileg heild og því eðlilegt að fjalla um hana í einu lagi, hvað sem líður hreppamörkum og öðrum línunum sem menn kunna að draga.

Úlfarsá er lindá sem fellur úr Hafravatni, en lífríkustu ár landsins eru einmitt þess háttar ár, t.d. Laxá úr Mývatni, Sog úr Þingvallavatni og Bugða úr Meðalfellsvatni. Fuglalíf árinna er fjölskrúðugt og eru 45 fuglategundir skráðar. Þar af er um 21 tegund árviss sem varpfugl og þrjár til viðbótar óreglulegir varpfuglar. A.m.k. 13 tegundir eru árvissir vetrargestir (8. tafla; 4. viðauki). Andfuglar (álft, grágæs og endur), mófuglar (vaðfuglar, rjúpa og spörfuglar) og máffuglar (máfar og kría) einkenna fuglalíf Úlfarsár. Minkur, hagamús og húsamús eru þau spendýr sem finnast við ána. Hér á eftir verður helstu einkennum fuglalífs lýst, en nánari upplýsingar eru í 4. viðauka.

8. tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið á og við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegur að ósi. Staðfestar og líklegar varptegundir eru auðkenndar með x. Þessi skrá nær einnig til sjaldgæfra fugla sem sést hafa meðfram Úlfarsá.

Tegund	Staða
Fýll	Vor- og sumargestur
Álft	Vetrar- og vorgestur
x Grágæs	Strjáll varpfugl og algengur vetrargestur
Blesgæs	Sjaldgæfur vorgestur
Rauðhöfðaönd	Sjaldséður gestur
x Urtönd	Fremur algengur varpfugl og vetrargestur
x Stökkönd	Alg. varpfugl og vetrargestur; er algengust anda allt árið um kring
Skúfönd	Verpur ofan þjóðvegur, en sést helst á vorin neðan hans
Duggönd	Strjáll varpfugl við ofanverða ána; sést stundum á stíflulóninu
x Æður	Algengur varpfugl og sumargestur
Straumönd	Fyrst og fremst vorgestur, verpur öðru hverju v/útfall úr Hafravatni
Toppönd	Strjáll varpfugl við ofanverða ána. Sést allt árið, en er sjaldgæfari á veturna
Gulönd	Algengur vetrargestur, sérstaklega ofan stíflu
Smyrill	Sést frá hausti fram á vor, algengastur á haustin
Fálki	Sjaldséður haust- og vetrargestur
x Rjúpa	Algengur staðfugl. Verpur strjált og er algengust á haustin
x Tjaldur	Algengur varpfugl
x Sandlóa	Algengur varpfugl
x Heiðlóa	Mjög algengur varpfugl, farfugl sem kemur snemma og fer seint
Sendlingur	Sjaldgæfur sumargestur
x Lóupræll	Algengur varpfugl
x Hrossagaukur	Mjög algengur varpfugl; að mestu farfugl (sjaldséður vetrargestur)
Jaðrakan	Sjaldgæfur sumargestur við neðanverða ána en verpur ofan þjóðvegur
x Spói	Mjög algengur varpfugl
x Stelkur	Mjög algengur varpfugl
Tildra	Sjaldséður vorgestur
Óðinshani	Sumargestur og strjáll varpfugl
Kjói	Sumargestur
Hettumáfur	Sumargestur; varp áður við Úlfarsfell en er sjaldg. varpf. í seinni tíð
x Stormmáfur	Sumargestur og strjáll varpfugl
x Sílamáfur	Algengur sumargestur og er strjáll varpfugl neðan Vesturlandsvegur
Silfurmáfur	Sjaldgæfur gestur
Hvítmáfur	Sjaldgæfur gestur
Svartbakur	Sjaldgæfur gestur
x Kría	Algengur varpfugl
Húsdúfa	Heldur til við Korpúlfsstaði og kann að verpa þar og e.t.v. víðar
x Þúfutittlingur	Mjög algengur varpfugl
x Maríuerla	Strjáll varpfugl
Músarrindill	Fremur sjaldséður, en þó árviss, haust- og vetrargestur
x Steindepill	Strjáll varpfugl og haustgestur
x Skógarþröstur	Algengur varpfugl og haustgestur; er sjaldséður að vetrarlagi
Hrafn	Fyrst og fremst vetrargestur, en sést þó vor og haust
x Stari	Algengur staðfugl
x Auðnutittlingur	Algengur gestur og óreglulegur varpfugl
Snjótittlingur	Algengur vetrargestur
Fjöldi tegunda	45

4.3.1 Varpfuglar og sumargestir

Af andfluglum eru stökkönd, urtönd og æður algengastar. Um 40 stökkendur verpa jafndreift með ánni frá upptökum til ósa, en 15–20 urtendur og er meira af þeim ofan Vesturlandsvegar. Um 20 æðar verpa dreift við ána neðan vegar. Stök duggandar- og toppandarpör verpa á umfjöllunarsvæðinu, en skúfönd hefur aðeins fundist verpandi ofan þjóðvegjar. Fáein grágæsapör verpa, en hún er einnig algengari ofan þjóðvegjar.

Ýmsir vaðfluglar eru algengir við Úlfarsá. Heiðlóa, sandlóa, hrossagaukur og stelkur eru þeirra algengastir með 9–17 varppör. Fimm tjalds-, spóa- og lóuprælsör verpa við ána. Óðinshaninn er fáliðaðastur vaðfluglanna (tvö ör).

Aðeins einn rjúpakarri með varpatferli sást í talningunni 1995, en þeir gætu þó verið fleiri. Þúfutittlingur er einn algengasti varpfuglinn, yfir 20 ör verpa með ánni. Aðrir spörfuglar og sjaldgæfari eru maríuerla, steindepill og skógarþröstur, 2–7 ör af hverjum verpa við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar. Stari verpur í húsum nærri ánni og er talsvert varp á Korpúlfsstöðum. Auðnutittlingur verpur sum árin talsvert í trjágörðum í Úlfarsárdal og eitthvað í görðum við Korpu og víðar við neðanverða ána.

Fáein sílamáfspör verpa dreift á athugunarsvæðinu. Stormmáfur varp hjá kríuvarpinu við Fossaleynisfossa sumarið 1997, en varp neðan þjóðvegjar hafði þá ekki verið staðfest síðan 1992, þó fuglar sjáist þar árlega. Aftur á móti verpa árlega 1–3 ör skammt ofan Vesturlandsvegar. Tvö kríuvörp eru á svæðinu, um 30–40 ör verpa í Keldnaholti austan Víkurvegjar og 20–30 ör skammt austan við Fossaleynisfossa. Fáeinir fuglar verpa síðan dreift annars staðar.

4.3.2 Vetrargestir

Fremur lítið fuglalíf er á vetrum við neðanverða Úlfarsá. Helsti vetrardvalarstaður anda á ánni á þeim tíma er frá Engi/Lambhaga ofan þjóðvegjar niður að stíflu, skammt neðan Vesturlandsvegar. Við og skammt fyrir ofan fyrrnefnda bæi er talsvert lindasvæði og er áin oftast opin þaðan og niður að stíflu. Það er aðeins í mestu frostum sem ána leggur þarna og ekki á hverjum vetri. Þar fyrir neðan er hún oftast meira og minna lögð, en það fer að sjálfsögðu eftir árferði. Hrossagaukar sjást stundum við ána á vetrum og hrafnar og snjótittlingar eru yfirleitt daglegir gestir við ána allan veturinn.

4.4 Náttúrvernd og athyglisverðir staðir við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar

Á athugunarsvæðinu neðan Vesturlandsvegar liðast Úlfarsáin lygn um land sem er að stærstum hluta ræktað og mótað af landnotkun (túnnum, trjárækt o.fl.) eða beit allt til ósa. Lífríki árinna, gróðurfarið og fuglalífið mynda náttúrufarslega heild.

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1996–2016 fellur sá hluti athugunarsvæðisins sem er í landi Reykjavíkur undir almenna borgarvernd. Svæði sem falla undir almenna borgarvernd hefur borgarstjórn samþykkt að vernda vegna náttúru, umhverfis, útivistar eða menningarsögulegs og listræns gildis. Almenn borgarvernd felur í sér aðhald í umfjöllun í nefndum og ráðum borgarinnar. Allar framkvæmdir eða breytingar á svæðum sem falla undir borgarvernd eru háðar samþykki borgarstjórnar.

Blikastaðakró, leirur og Leirvogshólmi falla undir staðfesta borgarvernd. Staðfest borgarvernd er afmörkuð sem sérstakur landnotkunarreitur á landnotkunarkorti

aðalskipulags. Þetta eru svæði og byggð sem sökum einstaks landslags, lífríkis, menningarsögu, minjagildis og listræns gildis ber sérstaklega að vernda. Allar breytingar á svæðunum eru háðar staðfestingu samkvæmt skipulagslögum.

Landið sem fellur undir almenna borgarvernd er landið næst ánni, beggja vegna allt að landi Blikastaða og eftir það einungis að vestanverðu (1. mynd). Blikastaðalandið sem er í lögsögu Mosfellsbæjar, er hins vegar ætlað til landbúnaðar á skipulagi. Þetta sýnir að mismunandi áherslur eru í landnýtingu þessara sveitarfélaga á svæði sem er náttúrufræðilega ein heild. Sjálfsagt er og nauðsynlegt að allt þetta svæði, sem og árbakkinn ofan Vesturlandsvegar, sem tilheyrir báðum sveitarfélögum, sé ætlað til samskonar landnotkunar. Má í því sambandi minna á þau vandræði sem hlutust af ólíku skipulagi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar í Fossvogsdal.

Náttúruverndarráð hefur sett Úlfarsá frá upptökum til ósa í Blikastaðakró á náttúruminjasrá (Náttúruverndarráð 1996) ásamt 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna.

Í ritinu Höfuðborgarsvæðið, náttúruvernd (1981) er lagt til að Úlfarsá verði friðlýst. Þar segir á bls. 28–29: „1. Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa í Blikastaðakró ásamt um 200 m breiðum bakka hvorum megin. 2. Fögur á, víða gróin niður að bökkum. Góð laxveiðiá. 3. Friðlýsing æskileg. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir mengun. E.t.v. þarf að takmarka vatnstöku Áburðarverksmiðjunnar úr ánni, en í þurrkatíð dregur óhóflega úr rennsli í neðri hluta árinna.”

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1996–2016 er gert ráð fyrir kirkjugarði og gróðrarstöðvum/garðlöndum austan árinna. Auk þess er gert ráð fyrir íþróttasvæði beggja megin ár, þar með talinn golfvöllur. Verulega verður því þrengt að hinni villtu náttúru við ána, ef ekki verður gætt fyllstu varúðar.

- Lagt er til að Úlfarsársvæðið verði friðlýst og hljóti stöðu fólkvangs. Lögð er áhersla á að svæðið fái að halda sínum náttúrulegu einkennum og að ræktun og umhirða taki mið af því. Líta verður á Hafravatn, Úlfarsá og 150–250 metra belti beggja vegna ár allt að ósi sem samfellda náttúrufræðilega heild. Hér er bent á umfjöllun um efri hluta Úlfarsársvæðisins í skýrslunni um Náttúrufræði í austurlandi Reykjavíkur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Huga þarf að tengslum milli árinna, árbakkans, gróðurlenda og landslagsins næst ánni. Eins og fram hefur komið er náttúrufræði svæðisins allfjölbreytt og sumstaðar lítið spillt. Auðvelt ætti að vera að laga það sem aflaga hefur farið ef rétt er á málum haldið. Með góðu skipulagi má koma í veg fyrir mistök og skaða á lífríki þessa svæðis og umhverfisslys eins og orðið hafa í Elliðaárdalnum á undanförunum árum. Þetta þýðir m.a. að breyta þarf áherslum í Aðalskipulagi Reykjavíkur frá 1996–2016, þannig að skipulagt íþróttasvæði fari ekki nær ánni en 150–200 m.

Áin og vatnasvæði hennar er afar viðkvæmt á margan hátt. Hér á eftir verður bent á nokkra þætti sem þurfa að hafa forgang til að unnt verði að ná fram markmiðum fólkvangs.

- Koma þarf í veg fyrir áburðarmengun frá tünnum á Korpúlfsstöðum, golfvelli, fyrirhuguðum kirkjugarði og gróðrarstöðvum. Þetta á bæði við um áhrif mengunar

á villtan gróður og árvatnið. Auk þess verður að leysa þann vanda sem skapast vegna afrennslis yfirborðsvatns frá götum, sem getur verið mengað af olíu og eitrefnum og haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífríki árinna.

- Æskilegt er að halda mink í skefjum vegna fiska og fugla.
- Plöntur í ræktun geta við ákveðin skilyrði náð fótfestu utan við garða og á það t.d. við um lúpínu. Vökul augu þurfa að fylgjast með að slíkar plöntur nái ekki yfirhöndinni á svæðum sem á að varðveita sem náttúruleg svæði.
- Koma þarf á fastri skipan göngustíga. Leggja þarf göngu- og hjólastíga sem falla vel að landslagi og opna landið á þann hátt fyrir borgarbúa. Fjarlægja þarf girðingar. Huga þarf að því að stígarnir raski ekki náttúrulegu umhverfi um of. Takmarka þarf tímabundið umferð manna um afmörkuð svæði t.d. vegna fuglavarps. Þetta á t.d. við um Korpúlfsstaðahólma.
- Leggja skal áherslu á villtan gróður næst ánni en láta ræktunina njóta sín fjær.
- Úlfarsá flæðir yfir bakka sína í leysingum, sérstaklega ofan Vesturlandsvegar, og fer þá yfir allstórt svæði. Lagt er til að áin fái að halda þessu háttalagi og að ekki verði farið í neinar þær framkvæmdir sem breyta rennsli árinna. Nauðsynlegt er að huga að þessu við skipulag.
- Úlfarsá skiptir löndum milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar. Nauðsynlegt er að fulltrúar þessara sveitarfélaga ræði saman um það hvernig best verði fyrirkomið skipulagi beggja vegna árinna. Einungis með samvinnu verður hægt að vernda þetta mikilvæga vatnakerfi í nánd við byggð.

Umgengni. Girðingar hindra mjög aðgengi að ánni og árbakkanum. Sumar liggja þvert yfir ána, en slíkt er óheimilt samkvæmt 20 gr. laga um náttúruvernd (Stj.tíð, nr.47/1971). Sumarið 1995 lágu 5 girðingar þvert yfir ána. Auk þessa eru girðingar tengdar vatnstökustíflu Áburðarverksmiðjunnar sem ber að fjarlægja. Flestar girðingar eru annað hvort landamerkjagirðingar eða þær afmarka beitarhólf fyrir hross. Tugir hrossa eru á beit meðfram ánni í landi Blikastaða og hafa þau óheftan aðgang að beit í borgarlandinu milli golfvallar og ár og valda þar miklum spjöllum á gróðri. Hrossin hafa auk þess truflandi áhrif á fuglalíf.

Golfvöllurinn hefur víða verið lagður allt of nærri ánni og nær hann sumstaðar jafnvel alveg niður á árbakkann. Engin úttekt var gerð á náttúruferri áformaðs golfvallar og næsta nágrennis áður en völlurinn var lagður. Umferð tengd golfvellinum, áburðarmengun og gróðursetning er til boga fyrir fuglalíf.

5 BLIKASTAÐAKRÓ

Hér verður fjallað um strandlengjuna frá ósi Úlfarsár í Blikastaðakró og vestur að Eiðinu, sem er náttúrulegt malarrif er tengir Geldinganes við land. Utan við ströndina er Leirvogshólmi. Auk þess var farið inn í Borgarholtshverfi á tveimur stöðum þar sem gert er ráð fyrir óbyggðum ræmum. Einnig var litið á opna svæðið milli Eiðisins og Áburðarverksmiðjunnar.

Blikastaðakró er ríflega 2 km löng strandlengja. Skiptast þar á grunn vik eða vikur með sand og/eða malarfjöru, en á milli ganga klettanef, 2–4 m há, í sjó fram. Þau eru yfirleitt vaxin mólendisgróðri og ríkulegum fléttugróðri, en inn af vikunum er graslendi og stundum mólendi ásamt votlendisblettum. Landið er lítt spillt af raski manna.

5.1 Jarðfræði Blikastaðakróar

Það sem einkennir jarðfræði Blikastaðakróar er jarðlagastaflinn, skorinn af nokkuð stórum misgengjum sem ekki hafa hreyfst í langan tíma. Staflinn einkennist af hraunlögum og eru þau elstu skammt vestan við Eiðið. Þau eru um 2,1 milljón ára gömul en yngjast inn í Rauðabás þar sem þau eru um eða innan við 2,0 milljón ára gömul.

Í Gufunesinu sjálfu eru þykkar móbergsmýndanir og staflinn við Blikastaðakróna leggst upp að honum. Staflanum má skipta í þrennt. Elst eru fimm hraunlög, alls um 25 m á þykkt, bæði apalhraun og helluhraun; Eiðsvíkur-þóleiift og ólivínþóleiift, sem eru rétt segulmögnuð og tæplega 2,1 milljón ára. Ofan á þeim er fallett völubergslag, um 5–6 m þykkt. Þar fyrir ofan taka við átta öfugt segulmögnuð apalhraunlög; Gufunesáss-þóleiift, sem eru með a.m.k. tveimur völubergs- eða jökulbergsmillilögum. Heildarþykktin er nærri 90 m en opnur eru ekki góðar og því óvíst um raunverulega þykkt. Þessi syrpa er nokkuð mikið misgengin. Efst eru tvö helluhraunlög; Hamars-ólivínþóleiift, með millilagi, alls um 15 m á þykkt, og eru þau bæði öfugt segulmögnuð. Þar fyrir ofan tekur við völubergslagið sem er neðst í staflanum sem fylgir Úlfarsá.

5.2 Gróðurfar við Blikastaðakró

Á gróðurkortu af svæðinu (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1988) sést að gróðurfar einkennist af þurrlendi, einkum graslendi og mólendi. Einnig má finna votlendi og jaðarsvæði. Auk þess finnast melar, klettaholt og flög á litlum blettum sem ekki er hægt að sýna á gróðurkortu í þessum mælikvarða.

Gengið var frá Eiðinu og austur með ströndinni. Fyrst var gengið yfir Litlaás. Þar er klettabelti með 2–2,5 m háu bergi. Í klettunum vaxa m.a. þúfusteinbrjótur, snæsteinbrjótur, ljónslappi, geldingahnappur, fjallasveifgras, blásveifgras, skammkrækill og grávorblóm. Undir klettunum er sandfjara þar sem sjávarfitjungur, blálilja, fjöruarfi og hrímblaðka vaxa.

Ofan við klettana á Litlaási er þýft jaðarsvæði þar sem snarrótarpuntur, mýrastör, hálíngresi og mýrelfting eru áberandi. Auk þess fundust brennisóley, túnsúra, mjaðurt, gulmaðra, hálmgresi, ilmreyr, týsfjóla, loðvíðir, hrafnaklukka og engjarós.

Þarna er líka að finna mólendi á blettum, einkum við klettaholtin. Í mólendinu er tegundafjölbreytnin mikil. Má þar nefna krækilyng, grasvíði, ljónslappa, hvítmöðru,

gulmöðru, vallhæru, axhæru, þursaskegg, blóðberg, tungljurt, kornsúru, blávingul, túnvingul, snarrótarpunt, kattartungu, brjóstagrass, móasef, gullmuru, holtasóley, mosajafna, lambagrass, hundasúru og lógresi. Fléttugróður er líka áberandi, einkum ættkvíslirnar *Cladonia* og *Cetraria*, ásamt litunarskóf (*Parmelia omphalodes*).

Í vikinni austan við Litlaás seytlar vatn til sjávar undan brekkunni við sjóinn. Í deigjunni vaxa ýmsar rakakærar tegundir t.d. skriðlíngrasi, mýrasef, blómsef, flagahnoðri, kattartunga, naflagrass, hrafnaklukka, hnúskakrækill, fjallapunktur, skurfa, klóffífa, mýrasauðlaukur, belgjastör og vætudúnurt.

Á Rauðabásás er mólendi næst sjónum en í vikinni sjálfri er dálítið votlendi innan við fjörukambinn með gulstör, hrafnaffu, mýrelftingu og klóffífu. Í þessari vik vaxa líka ætihvönn og geithvönn. Lengra frá sjónum er votlendisblettur með mýrastör, hrafnaklukku, mýrfjólu, hálmgrasi, klóffífu, hrossanál, mýrelftingu, mjaðurt o.fl. Síðan tekur við graslendi þar sem snarrótarpuntur ríkir.

Hamarinn er allhátt klettastál sem gengur fram í sjóinn og undir því er stórgrýti. Uppi á Hamrinum eru klappir vaxnar hrúðurfléttum og mosum. Á milli er snöggt graslendi og mólendi. Þar eru runnafléttur áberandi. Í botni Gorvíkur á lækur eða skurður útfall til sjávar. Þar hefur myndast votlendisblettur innan við fjörukambinn með mýrastör, klóffífu, gulstör, mýrelftingu, engjarós og horblöðku. Þarna vaxa einnig marústakkur, hálíngrasi, ilmreyr, mjaðurt, kornsúra, lækjadepla, lækjasef, akurarfi, silfurhnappur og vatnsnarfagrass. Austan við Hamarsvík er gulstararmýri.

Frá Hamarsvík austur að ósi Úlfarsár hefur nýlega verið lagður golfvöllur. Hann þrengir víða að fjörunni og fjörukambinum. Milli vallarins og fjörunnar er þó sumstaðar enn að finna mólendi þar sem krækilyng ríkir ásamt fjölda fléttutegunda. Fjaran sjálf er tiltölulega breið sandfjara þar sem mikið vex af melgresi og fjöruarfa ásamt hrímblöðku, tágamuru, fjörukáli og húsapunti. Í brekku upp af fjörunni nálægt ósnum er breiða af alaskalúpínu og þar er líka skógarkerfill.

Hér skal vakin athygli á að áburðaráhrifa frá golfvöllinum er strax farið að gæta á gróðrinum milli vallarins og fjörunnar. Það sést á því að ýmsar grastegundir eru að ná sér upp og mikill vöxtur er í geldingahnappi og holurt. Margar aðrar tegundir þola áburðinn illa og hopa, bæði blómplöntur og ekki síður fléttugróður.

Í mólendinu, á strandlengjunni á öllu svæðinu, er að finna fjölda fléttutegunda og er gróska þeirra meiri og þær síður spilltar af ágengni manna en á öðrum stöðum í borgarlandinu.

Fléttur voru ekki skoðaðar sérstaklega í þessari úttekt en vegna þess hve áberandi þær eru þarna var safnað fléttusýnum af runna- og blaðfléttum sem Hörður Kristinsson, fléttufræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands greindi til tegunda. Eftirtaldar tegundir fundust: Fjallagrös (*Cetraria islandica*), hreindýrkrókar (*Cladonia arbuscula*), grjónabikar (*Cladonia pyxidata*), gulkrókar (*Cladonia uncinata*), skarlatbikar (*Cladonia borealis*), strandkrókar (*Cladonia rangiformis*), snepaskóf (*Parmelia saxatilis*), litunarskóf (*Parmelia omphalodes*) og tvær tegundir sem ekki hafa fengið íslenskt heiti; *Cladonia macroceras* og *Sphaerophorus globosus*. Búast má við að

með nánari skoðun finnist all margar tegundir til viðbótar. Auk þess vex þarna á steinum fjöldinn allur af hrúðurfléttum.

Svæðin í Borgarholtshverfi milli Melavegar og Vættaborga annars vegar og Vættaborga og Hamravíkur hins vegar eru klettótt og stórgrýtt holt með mólendi á milli. Grjót og klappir eru vaxnar mosum og fléttum, einkum hrúðurfléttum. Þessi holt eru enn nær ósnortin og koma til með að mynda skemmtilega andstæðu við ræktaða garða í hverfinu þegar fram líða stundir.

Svæðið, þar sem myndverk Hafsteins Sigurðssonar standa, er ræktað og slegið tún að mestu en í brekkunum beggja vegna er blanda af graslendi og mólendi. Gróður á öllu svæðinu hefur orðið fyrir áhrifum af áburðargjöf.

5.3 Fuglalíf í Blikastaðakró

Heitið Blikastaðakró er hér notað yfir svæðið austan við Eiði og Geldinganes að ósum Úlfarsár. Á allra síðustu árum hefur byggð aukist mikið á þessum slóðum og golfvöllurinn við Korpúlfsstaði teygir anga sína um stóran hluta óbyggða svæðisins. Búsvæði fugla í landi eru því orðin lítil og aðþrengd. Varpfuglar voru ekki kannaðir sérstaklega á þessu svæði (sjá 9. töflu) en fylgst með þeim samhliða strandfuglatalningum í maí 1997. Fuglalíf að vetri var kannað með talningum í febrúar og farfuglaumferð með talningum í apríl og maí (10. tafla). Fjaran í Blikastaðakró tengist miklum fjörum í Leiruvogi og var fuglalíf kannað á öllu þessu svæði samtímis, 1997–1998 í tengslum við lífríkisrannsóknir vegna hugsanlegrar lagningar Sundabrautar (Arnbór Garðarsson 1998). Þar var talningum af öllu svæðinu slegið saman við úrvinnslu, en af samanburði við okkar gögn er ljóst að mun meira fuglalíf er í Leiruvogi en Blikastaðakró enda fyrrnefnda svæðið mun víðáttumeira.

Blikastaðakró er auðug af fuglum árið um kring (9. og 10. tafla), enda er fjaran öröskuð og mikið og auðugt grunnsævi úti fyrir. Mest er af fuglum þarna á fartíma, einkum ýmsum vaðfuglum, svo sem rauðbrýsting, stelk og tildru. Yfir 100 margæsir héldu þar til vorið 1997 og er svæðið einn af fáum viðkomustöðum þessarar tegundar á Suðvesturlandi.

Fuglalíf á veturnum er talsvert og sáust þar um 20 tegundir í febrúar. Meðal markverðra athugana má nefna að allt að 9 flórgoðar sáust samtímis (10. tafla). Þessi tegund er, sem kunnugt er, strjáll varpfugl hér á landi og hefur fækkað mikið. Flórgoði er farfugl að mestu en slæðingur heldur þó til við Suðvesturland á veturna. Æðarfugl (allt að 250 fuglar) og tjaldur (allt að 140 fuglar) eru annars algengastir fugla í Blikastaðakró á veturnum og vorin.

Vitað er um tæplega 20 tegundir sem hafa orpið við Blikastaðakró og eru 13–14 þeirra nú árvissar (9. tafla). Í Korpúlfsstaðahólma er æðarvarp (a.m.k. 60 hreiður 1997) og þar verpa einnig fáeinir grágæsir, sílamáfar, hettumáfar, tjaldar, sandlóur, stelkar og kríur. Þess má geta að fyrsta hreiður stormmáfs, sem fannst hér á landi (1955), var í hólmanum (Arnbór Garðarsson 1956).

Fátt er nú af varpfuglum meðfram ströndinni í Blikastaðakró og margar tegundir hafa horfið, svo sem svartbakur, sílamáfur (að mestu) og hrafn. Fáein pör af tjaldi, sandlóu,

hrossagauk, stelk, þúfuttlingi og e.t.v. fleiri tegundum sáust vorið 1997. Þá sátu fýlar uppi í klettum í Gorvík snemma vors en ekki er ljóst hvort þeir reyndu varp.

9. tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið í Blikastaðakró. Líklegar varptegundir eru auðkenndar með x. Þessi skrá er ekki tæmandi hvað varðar sjaldséða fugla í Blikastaðakró.

Tegund	Staða
	Sjaldgæfur vetrargestur
x Flórgoði	
x Fýll	Alg. frá því á útmánuðum og fram á haust; verpur stundum í Gorvík
Dílaskarfur	Strjáll vetrargestur
x Grágæs	Strjáll varpfugl í Korpúlfsstaðahólma
Margæs	Fargestur sem er nýfarinn að venja komur sínar í Blikastaðakró
Rauðhöfðaönd	Allalg. vetrargestur
x Stokkönd	Alg. vetrargestur og varpfugl; sést allt árið
x Æður	Alg. árið um kring; verpur í Korpúlfsstaðahólma og einnig við Úlfarsá
Hávella	Allalg. vetrargestur
x Toppönd	Strjál árið um kring; verpur líkast til
x Tjaldur	Alg. vetrargestur og strjáll varpfugl
x Sandlóa	Strjáll varpfugl og allalg. fargestur
x Heiðlóa	Strjáll varpfugl og allalg. fargestur
Sendlingur	Strjáll fargestur
Louþræll	Allalg. fargestur
Rauðbrystingur	Allalg. fargestur
Sanderla	Strjáll fargestur
x Hrossagaukur	Strjáll varpfugl
Jaðrakan	Strjáll fargestur
x Spói	Strjáll varpfugl
Tildra	Strjáll vetrargestur og allalg. fargestur
x Stelkur	Allalg. vetrargestur og fargestur; strjáll varpfugl
x Hettumáfur	Allalg. árið um kring; strjáll varpfugl
x Stormmáfur	Allalg. á vorin; varp áður fyrr
x Sílamáfur	Alg. gestur og var alg. varpfugl áður; nú strjáll varpfugl
x Silfurmafur	Sjaldséður gestur; varp fyrir mörgum árum
Hvítmafur	Fremur sjaldséður gestur
x Svartbakur	Fremur sjaldséður; varp áður fyrr
Ríta	Sjaldséður gestur
x Kría	Allalg. gestur; strjáll varpfugl
Langvía	Strjáll vetrargestur
Álka	Strjáll vetrargestur
Haftyrðill	Strjáll vetrargestur
x Þúfuttlingur	Strjáll varpfugl
Steindepill	Strjáll gestur; kann að hafa orpið áður
x Hrafn	Sést árið um kring; varp áður í sjávarhömrum við Gorvík
Snjótittlingur	Vetrargestur
Fjöldi tegunda	37

10. tafla. Fuglatalningar í Eiðisvík og Blikastaðakró, janúar–maí 1997. Tölur sýna hversu margir einstaklingar sáust af hverri tegund á tilteknum talningardegi í hverjum mánuði. Innan sviga er getið þeirra fugla sem sáust á svæðinu Gorvík – Úlfarsárós.

Tegund	Febrúar		Apríl	Maí					
	3	21	12	7	14	18*	22*	25*	29*
Flórgoði	1 (1)	9 (9)							
Fýll		6 (6)	9 (8)	1 (1)	4 (4)			(9)	(1)
Dílaskarfur	1 (1)	1 (1)							
Grágæs	8 (6)			2 (2)	2 (2)	(3)	(1)	(2)	
Margæs				111 (12)	54 (27)	(7)	(48)	(45)	
Rauðhöfði	15 (5)	11 (1)							
Stökkönd	67 (67)	59 (44)	6 (4)	9 (5)	4 (4)	(5)	(12)	(8)	(4)
Hávella	2 (1)	21 (12)	34 (34)						
Æður	131 (124)	187 (30)	248 (214)	111 (101)	119 (113)	(176)	(166)	(174)	(166)
Toppönd	1 (0)		1 (0)	9 (7)	11 (8)	(9)		(5)	(2)
Tjaldur	138 (137)	20 (7)	35 (20)	24 (15)	21 (6)	(7)	(5)	(6)	(4)
Sandlóa				2 (2)	10 (10)	(4)	(3)	(7)	(1)
Heiðlóa			3 (0)	33 (26)	3 (3)				(2)
Sendlingur				14 (10)	8 (8)	(9)	(7)	(17)	(24)
Lóupræll				41 (41)	6 (6)		(3)	(5)	
Rauðbrystingur				19 (19)	83 (83)	(75)	(128)	(123)	(1)
Sanderla								(13)	
Hrossagaukur							(1)		(1)
Jaðrakan				3 (1)					
Spói					1 (0)				
Tíldra	1 (1)	6 (2)		33 (28)	30 (24)	(12)	(27)	(31)	(21)
Stelkur	5 (5)	21 (14)	7 (5)	87 (63)	33 (11)	(13)	(26)	(26)	(14)
Hettumáfur			3 (0)	33 (18)	3 (0)	(2)	(4)	(2)	(3)
Stormmáfur				40 (8)	3 (3)	(3)	(6)		(1)
Sílamáfur			16 (8)	22 (19)	19 (18)	(9)	(6)	(3)	(4)
Silfurmáfur					1 (1)				
Hvítmáfur	5 (5)			6 (2)					
Svarbakur		5 (3)	1 (0)	2 (2)		(1)	(1)	(1)	
Ríta							(1)		
Kría				10 (9)	52 (4)	(10)	(80)	(38)	(11)
Langvía	1 (0)								
Álka	3 (1)								
Haftyrðill	4 (3)								
Púfuttlingur				1 (1)		(2)	(1)		
Steindepill				1 (1)					
Hrafn	2 (0)	3							
Tegundir alls 36									
Landselur	3 (0)	1 (1)							

* Þessa daga var aðeins talið á svæðinu frá Gorvík að ósi Úlfarsár.

5.4 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Blikastaðakró

Blikastaðakró, fjaran, fjörukamburinn og mjótt belti upp af honum er að mestu óspillt land hvað gróðurfar varðar og dæmi um hvernig fjaran og gróðurinn næst fjörunni hafa verið með norðurströnd Seltjarnarness áður en mannvirki og aðrar framkvæmdir urðu allsráðandi.

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1996–2016 fellur strandlengjan frá Úlfarsá og vestur í Geldinganes undir almenna borgarvernd. Svæði sem falla undir almenna borgarvernd hefur borgarstjórn samþykkt að vernda vegna náttúru, umhverfis, útivistar eða menningarsögulegs og listræns gildis. Almenn borgarvernd felur í sér aðhald í umfjöllun í nefndum og ráðum borgarinnar. Allar framkvæmdir eða breytingar á svæðum sem falla undir borgarvernd eru háðar samþykki borgarstjórnar.

Þar að auki fellur Blikastaðakró, leirur og Leirvogshólmi undir staðfesta borgarvernd. Staðfest borgarvernd er afmörkuð sem sérstakur landnotkunarreitur á landnotkunarkorti aðalskipulags. Þetta eru svæði og byggð sem sökum einstaks landslags, lífríkis, menningarsögu, minjagildis og listræns gildis ber sérstaklega að vernda. Allar breytingar á svæðunum eru háðar staðfestingu samkvæmt skipulagslögum.

Náttúruverndarráð hefur sett Úlfarsá og Blikastaðakró á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996). Þar er svæðið afmarkað sem fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju frá ósi Úlfarsár í Blikastaðakró, að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár.

Í ritinu Höfuðborgarsvæðið, náttúruvernd (1981) er lagt til að strandlengjan Leirvogur-Geldinganes verði friðlýst. Þar segir á bls. 29–30: „1. Strandlengjan frá norðurenda Geldinganes til Gunnuness. 2. Fjölbreytt landslag og lítt snortið. Fjölbreyttur strandgróður og mikið fuglalíf í tengslum við lífríkar fjörur. 3. Friðlýsing æskileg. Mikilvægt er að fjörur falli undir slíka friðlýsingu. Friðlýsing svæðisins gæti tengst verndun Varmár og Úlfarsár.”

Í fráviki frá Aðalskipulagi 1990-2010 var leyfð lagning golfvallar í landi Korpúlfsstaða vestan Úlfarsár. Norðurjaðar golfvallarins liggur afar nálægt fjörunni. Verulega hefur verið þrengt að villtri náttúru á þessu borgarverndaða svæði við sjóinn.

Líta verður á Blikastaðakróna sem hluta af Úlfarsásvæðinu sem fjallað er um í 3. kafla í þessari skýrslu.

Lagt er til að svæðið frá ósi Úlfarsár í Blikastaðakró og vestur að Eiðinu verði friðlýst og hljóti stöðu fólkvangs.

Á ströndinni frá Eiðinu út í Geldinganes inn undir Korpúlfsstaðabakkana eru einkar fróðleg jarðlög. Þar er samfelt jarðlagasnið í stafla sem er um tveggja milljóna ára gamall. Þar skiptast á hraunlög, jökulbergslög og setlög. Þetta er eina heillega sniðið innan núverandi borgarmarka og hefur því bæði fræðslu- og vísindagildi.

Ströndin frá Gufunesi inn í Rauðabás er einkar fróðleg jarðfræðilega. Þar sjást vel bæði hraunlög og setlög. Einnig gefst þar ágætt tækifæri til fræðslu um eldri jarðlagastaflann á Reykjavíkursvæðinu. Þessa strandlengju á fortakslaust að vernda.

Lögð er áhersla á að svæðið fái að halda sínum náttúrlegu einkennum og að ræktun og umhirða taki mið af því. Lögð er áhersla á að gróðurfar í og næst fjörunni fái að dafna án ræktunar, þannig að þar verði áfram villtur gróður. Engin ræktun fari þar fram og reynt verið að koma í veg fyrir innrás stórvaxinna tegunda og ágengra tegunda sem geta gjörbreytt gróðurfari svæðisins á stuttum tíma.

Fléttur svæðisins er óvenju gróskumiklar í samanburði við aðra staði í borgarlandinu og er æskilegt að þær fái að dafna áfram.

Minnt er á að þetta er stærsta óspillta strandsvæðið á norðurströnd borgarlandsins og afar mikilvægt að það verði ekki skert.

Samspil fjöru, fjörukambs, kletta, mólendis og votlendisbletta gera svæðið all fjölbreytt hvað gróðurfar varðar og það verður verðmætt til útivistar og fróðleiks fyrir íbúana í hverfunum sem verið er að byggja upp á svæðinu. Ekki má heldur gleyma hversu mikill fróðleiksbrunnur slíkt svæði er fyrir skólana í nágrenninu. Til þess að svo megi verða áfram þarf að huga að eftirfarandi:

- Að áburðamengun verði sem minnst frá ræktuðum svæðum, bæði húsagörðum og golfvelli. Öll slík mengun mun breyta gróðurfarinu á þann hátt að lágvöxnum villtum tegundum fækkar, en í staðinn koma áburðarsæknar, ræktaðar tegundir.
- Leggja þarf göngustíga um svæðið til að sem minnst verði gengið á hinum viðkvæma fléttugróðri sem þarna vex í mólendinu.
- Svæðið er nú nær alveg laust við alaskalúpínu. Miklu skiptir fyrir framtíð villta gróðursins að hvorki hún né aðrar ágengar tegundir nái að sá sér út í mólendið sem er á svæðinu, en hún mun kaffæra það á fáum árum ef hún nær sér upp. Auðvelt er að uppræta þær plöntur sem þarna eru og er lagt til að það verði gert strax sumarið 2000.
- Klettaholtunum, sem tekin hafa verið frá sem óbyggð svæði inni í Borgarholtshverfinu, er ætlað að auka á fjölbreytnina í hverfinu sjálfu og tengja það svo sem kostur er villtri náttúru. Erfitt getur verið að viðhalda holta- og mólendisgróðri svo nálægt görðum. Slíkt er samt hægt. Sem dæmi má nefna að í sunnanverðri Valhúsahæð í miðri byggð á Seltjarnanesi er slíkur gróður. Einkum þarf að koma í veg fyrir að garðaúrgangi verði dreift á svæðin og fara verður sparlega með áburð. Mikilvægt er að upplýsa íbúana í húsunum næst svæðunum um það sem stendur til og fá þá til að líta til með svæðunum.
- Hvorki byggingar, aðrar framkvæmdir né plöntun trjáa og annarskonar ræktun verði leyfð milli sjávar annars vegar og Strandvegar og golfvallar hins vegar. Öll ræktun verði ofan þessa svæðis.
- Vernda ber fjöruna við árósin í Blikastaðakró enda sýnir hún best jarðlögin á svæðinu. Leirvogshólma ber tvímælalaust að vernda vegna landslags, gróðurfars og jarðfræði. Hólminn ber vitni um að grágrýtishraun hafa fyrrum þakið mun stærri svæði á þessum slóðum en nú.
- Blikastaðakró, frá Eiðsvík að ósum Úlfarsár, er að heita má óspillt fjöru- og grunnsævissvæði. Fuglalíf er mikið og fjölbreytt árið um kring og lögd er áhersla á formlega verndun þess. Sérstaklega þarf að gæta þess að fylla ekki í fjörur og raska sjávarföllum við vegagerð um Sund.
- Gætt verði að því að á sjónum og í fjörunni verði ekki leikvöllur fyrir báta eða önnur hávaðasöm tæki.

Um gengni er yfirleitt til fyrirmyndar. Einungis þarf að fjarlægja nokkra gamla girðingabúta, en þeir eru bæði til óprýði og gaddavírinn er hættulegur mönnum og málleysingjum.

6 GRAFARVOGUR OG ELLIÐAVOGUR

Fjallað er um óbyggða svæðið umhverfis Grafarvog ásamt svæðinu upp með Grafarholtslæk. Auk þess var holtið neðan við Húsahverfi skoðað og fjallað um fuglalífið í Elliðavogi.

Grafarvogur gengur inn úr Elliðavogi til austurs. Hann er um 1200 m á lengd og 400 m á breidd. Vogurinn er grunnur og á fjöru verður hann að víðáttumiklum leirum, sem iða af botndýralífi sem fuglar sækja í æti. Útfall vogsins hefur verið þrengt mikið með uppfyllingu vegna brúargerðar á Kattarnefi. Bratt er niður að voginum að sunnan þar sem iðnaðarhverfið er í Ártúnshöfða. Að norðan er aflíðandi halli að sjónum með íbúðahverfi. Óbyggt er fyrir botni vogsins og þar fellur Grafarlækur til sjávar norðan við Ósmel. Upp af voginum er land jarðarinnar Keldna með stórum ræktuðum túnum sem ljá svæðinu búsældarlegan svip. Auk þess eru þarna sumarhúsalóðir, sem sumar hafa verið í ræktun áratugum saman. Svæðið ber allt merki áhrifa frá búsetu manna fyrr og nú.

6.1 Jarðfræði Grafarvogs

Í Grafarvogi má skipta jarðlögum í nokkra flokka. Í fyrsta lagi eru jarðlög frá miðbiki ísaldar. Þau eru í Ártúnshöfða vestanverðum. Í grjótnáminu þar er að finna 10–15 m þykkann stafla af helluhraunslögum sem eru öfugt segulmögnuð og munu vera úr sömu syrpu og helluhraunslögin sem eru í Rauðabás og kennd við Hamar. Ofan á þessum lögum er þunnt setlag með plöntusteingervingum frá því síðla á ísöld. Í öðru lagi eru tvö beltótt hlýskeiðshraun (grágrýti) sem eru komin ofan af Mosfellsheiði og munu vera nokkur hundruð þúsund ára gömul. Þessi hraun eru hluti af grágrýtisskildi þeim sem þekur Seltjarnarnes hið forna og holtin austan Elliðaáa. Í þriðja lagi eru innarlega í Grafarvogi, norðanmegin og í botni vogsins, setlög sem munu af svipuðum aldri og Fossvogslögin eða um 10.000 ára gömul. Í þeim eru steingerðar skeljar. Yngst eru setlög upp af botni vogsins og eru þau frá lokum ísaldar; mól, sandur og jökulurð. Meðal annars er þar stúfur af jökulgarði sem liggur fyrir botni vogsins.

6.2 Gróðurfar í Grafarvogi

Á gróðurkortu af svæðinu (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1988) sést að gróðurfar einkennist af þurrlendi, einkum graslendi. Einnig má finna jaðarsvæði. Auk þess finnast mólendisblettir, melar og flög á litlum blettum sem ekki er hægt að sýna á gróðurkortu í þessum mælikvarða.

Ártúnshöfði liggur að Grafarvogi sunnanverðum og þar er allmikill bratti niður að sjónum og síðan tekur við stórgrýtt fjara. Svæðið er algróið og er búið að gróðursetja trjáplöntur í það allt, þar sem á annað borð er hægt að stinga niður plöntu.

Efst í holtinu hefur víða verið rutt fram efni vegna húsbygginga. Þar er raskað land sem hóffífill hefur náð að nema land í og lokar nú þessu svæði meira og minna með sínum stóru hóflaga blöðum.

Stórgrýtt urð, svokölluð Innriurð, er utan í Ártúnsholtinu. Hún setur mikinn svip umhverfið og brýtur upp landslagið. Grjótið er allt þakið mosum og hrúðurfléttum.

Í brekkunni skiptast á graslendi og mólendi og sumstaðar er votlendisvottur. Í graslendinu ríkir snarrótarpuntur oftast ásamt túnvingli, hálíngresi og vallelftingu. Mólendið hýsir fjölda tegunda. Má þar fyrst nefna krækilyng, bláberjalyng, beitleyng og holtasóley ásamt ljónslappa, hvítmöðru, gulmöðru, túnvingli, blávingli, blóðbergi, móasefi, þursaskeggi, kornsúru, vallhæru, axhæru, gullmuru, hálíngresi, lambgrasi, ilmreyr, jakobsfífl, skarífífl, túnfíflum, beitieski, týtulíngresi, grávíði og loðvíði. Í vætublettum vaxa mýrastör, klóffá, hrafnafífa, fjalldalafífill, hrossanál, mýrasef, beitieski og belgjastör.

Landið við Gullinbrú er að mestu uppfylling og gróðurinn þar einkennist af sáðgresi og reskigróðri.

Byggð teygir sig nær alveg fram á sjávarbakka með norðurströnd Grafarvogs. Svæðið sem er á milli byggðar og fjöru er að mestu raskað land sem hefur verið grætt upp og er nú graslendi og sumstaðar er mólendisvottur. Víða er búið að planta trjám í svæðið milli húsa og sjávar.

Breiður af túnvingli, sjávarfitjungi, kattartungu og hrímblöðku vaxa í fjörunni. Meira undirlendi er í fjörunni að norðanverðu og hún er ekki stórgrýtt eins og að sunnanverðu.

Fyrir botni vogsins norðan megin rennur Grafarlækur tær og straumharður til sjávar, myndar lítinn ós og breiðist síðan út yfir leirurnar í voginum á fjöru. Upp með Grafarlæk er einstaklega grösugt. Lækurinn er um einn metri á breidd og vatnið tært. Lækjarbakkinn er algróinn og er hvannstöð víða ríkjandi. Aðrar stórvaxnar tegundir á bakkanum eru mjaðurt, vætudúnurt, fjalldalafífill og hófsóley. Fjöldi annarra tegunda á sér kjörlendi við lækinn. Má þar nefna loðvíði, brennisóley, háliðagras, mýrelftingu, blágresi, gulstör, njóla, snarrótarpunt, klóffífu, hrafnaklukku, fergin og hjartapunt sem er slæðingur. Grafarlækur á engan sinn líkan í borgarlandinu.

Norðan við lækinn eru túnin á Keldum sem enn eru slegin og hirt. Sunnan hans er melalda sem er að gróa upp. Hluti svæðisins er gamalt sumarhúsaland sem trjám var plantað í fyrir margt löngu. Annars staðar eru stórar lúpínubreiður og torfæruhjólabraut en á milli er mólendi, víða nokkuð flétturíkt. Af algengum tegundum í mólendinu má nefna krossmöðru, vallelftingu, krækilyng, bláberjalyng, holtasóley, beitleyng, kornsúru, blóðberg, túnvingul, blávingul, hálíngresi, axhæru, vallhæru og friggjargras. Víða sjást þess merki að lúpína er farin að breiða sig út í mólendið og kaffæra gróðurinn þar.

Í holtinu neðan við Húsahverfi er opið svæði með skíðalyftu. Undir henni er ræktað graslendi. Austan við lyftuna er furulundur sem er nokkuð skemmdur vegna ágangs. Þar fyrir austan er mólendi með berum melaskellum á milli og stórgrýtt holt. Bláberjalyng og krækilyng eru áberandi tegundir ásamt gulmöðru, krossmöðru, ljónslappa, beitleyngi, hrútaberjalyngi, hálíngresi, axhæru, vallhæru, ilmreyr, blóðbergi, blágresi, holtasóley, kattartungu, undafíflum, túnfíflum, móasefi, kornsúru, klóelftingu, hvítmöðru, geldingahnappi, túnvingli, blávingli, gullmuru, jakobsfífl, grasvíði og mjaðurt.

Neðan við holtið er land Keldna, tún með skurðum og hross á beit.

6.3. Fuglalíf í Grafarvogi og Elliðavogi

Í Elliðavogi var áður ein lífríkasta leiran á Suðvesturlandi en henni var mjög spillt með uppfyllingum upp úr 1965. Stór hluti Grafarvogs hefur einnig verið fylltur upp en leiran innan Gullinbrúar er óröskuð að mestu. Búið er að fylla upp í fjöruna utan Gullinbrúar að sunnanverðu en þar var áður klappar- og malarfjara sem fuglar nýttu mikið. Grafarvogur er ein af fáum leirum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki hefur verið raskað og hefur hann því vaxandi þýðingu fyrir fuglalíf á Innesjum. Vogarnir tveir, Elliðavogur og Grafarvogur, hafa nú fyrst og fremst þýðingu fyrir fjöru- og strandfugla og þar gegnir leiran lykilhlutverki.

Vaðfuglar, máfar og endur nýta vogana árið um kring, en fuglalífið er auðugast um fartímann á vorin (apríl–maí). Þá halda þar til nokkuð þúsund fuglar, m.a. hópar rauðbrystinga og annarra hánorrænna vaðfugla sem fara hér um vor og haust. Langmest af þessum fuglum er á leirunni í Grafarvogi.

6.3.1 Varpfuglar í Grafarvogi, Gufuneshöfða og Elliðavogi

Nokkuð fuglavarp er meðfram strönd Grafarvogs og í Gufuneshöfða þrátt fyrir að þrengt hafi verið mikið að opnum svæðum við voginn með vaxandi byggð. Alls hafa um 20 tegundir orpið við voginn (11. tafla), þar eru nú 15 tegundir árvissir varpfuglar. Hér má nefna m.a. steindepla sem eru með þeim síðustu sem enn verpa innan byggðar í borginni og fáein fylspör. Fýlar urpu áður í Gufuneshöfða en hörfuðu þaðan vegna jarðrasks og hafa orpið í lágum klettum innan við Gullinbrú (allt að 20 pör). Fuglavarpið er á undanhaldi vegna ýmissa umsvifa, einkum bygginga og ræktunar.

Í Grafarvogi er aðalfuglavarpið meðfram suðurströndinni og við botninn (11. tafla). Byggðin er komin fast að svæðinu og innan fárra ára verður stór hluti þess þakinn þéttum trjágróðri. Sú breyting mun rýra skilyrði flestra fugla til varps og hætt er við að fuglalífið meðfram veginum verði aðeins svipur hjá sjón.

Í Elliðavogi er einnig talsvert fuglavarp (12 tegundir), þrátt fyrir að það svæði sé svo til allt raskað og manngert (12. og 13. tafla). Hér má einkum nefna óræktarsvæðin vestan við voginn. Þar er ótrúlega mikið fuglalíf og stingur í stúf við Geirsnef þar sem sléttar og vel hirtar flatir og hundar á hlaupum gera öllum varpfuglum afar erfitt um vik. Meðal annars verpa nokkrir tugir af kríum sunnan smábátahafnarinnar og talsvert af tjaldi, sandlóu, stelk, hrossagauki og þúfutittlingi. Allar þessar tegundir geta orpið á röskuðum svæðum þar sem ræktunar gætir lítið.

11. tafla. Fuglar sem hafa verið skráðir í Grafarvogi og Gufuneshöfða. Líklegar varptegundir eru auðkenndar með x. Þessi skrá er ekki tæmandi hvað varðar sjaldséða fugla.

Tegund	Staða
Fýll	Nokkur þör verpa sunnan Grafarvogs og áður í Gufuneshöfða
Dílaskarfur	Sjaldgæfur vetrargestur
Gráhegri	Fremur sjaldséður flækingsfugl, sést stundum við Grafarlæk
Álft	Sjaldséður gestur
Grágæs	Sést öðru hverju árið um kring
Rauðhöfðaönd	Alg. haust-, vetrar- og vorgestur
Ljóshöfði	Flækingsfugl sem sést öðru hverju
Gargönd	Strjáll gestur að vorlagi
Urtönd	Alg. frá hausti og fram á vor
x Stökkönd	Allalg. árið um kring, einkum þó á vetrum; verpur lítils háttar
x Æður	Alg. árið um kring, einkum á sumrin (ungakollur); verpur eitthvað
x Toppönd	Sést allt árið og verpur líkast til
Gulönd	Sést flesta vetur; allt að 30 fuglar
Örn	Sjaldgæfur gestur en var alg. meðan ernir urpu í Úlfarsfelli (til 1918)
Smyrill	Sést öðru hverju á veturna
Fálki	Sést öðru hverju á veturna
x Rjúpa	1–2 þör verpa fyrir botni Grafarvogs
Bleshæna	Sjaldgæfur flækingur
x Tjaldur	Alg. árið um kring; strjáll varpfugl
x Sandlóa	Alg. á vorin og síðsumars; strjáll varpfugl
x Heiðlóa	Alg. , einkum á haustin; strjáll varpfugl
Sendlingur	Alg. á veturna og fram á vor
x Lóupræll	Alg. á leirum í Grafarvogi á vorin og síðsumars; varp áður í Gufuneshöfða
Rauðbrystingur	Mjög alg. á vorin, sést lítils háttar síðsumars og á haustin; stundum á vetrum
Sanderla	Fargestur sem sást óvenju mikið vorin 1997; annars sjaldséð
x Hrossagaukur	Strjáll varpfugl
Jaðrakan	Alg. á vorin og sést einnig talsvert síðsumars
Lappajaðrakan	Sjaldgæfur flækingur
Spói	Sjaldséður gestur; hefur án efa orpið við voginn áður fyrr
Tildra	Alg. gestur á vorin; slæðingur sést allt árið
x Stelkur	Mjög alg. á vorin og síðsumars; slæðingur sést allt árið; strjáll varpf.
Óðinshani	Sjaldséður á vorin
Kjói	Varp áður við Gufunes
Hettumáfur	Sést allt árið en er alg. á vorin en þó einkum síðsumars og á haustin
Stormmáfur	Sést árið um kring, yfirleitt fáir fuglar
Hringmáfur	Flækingsfugl sem sést öðru hverju í Grafarvogi
x Sflamáfur	Alg. gestur og verpur nú lítils háttar en var mun alg. áður
Silfurmáfur	Nokkrir fuglar sjást árið um kring
Hvítmáfur	Sést árið um kring en er algengastur á vorin
Bjartmáfur	Fremur sjaldséður gestur, einkum á vorin
x Svartbakur	Sést lítils háttar árið um kring; varp áður
Kría	Fremur sjaldséður gestur
x Þúfutittlingur	Allalg. varpfugl
Maríuerla	Strjáll varpfugl
Steindepill	Strjáll varpfugl; hefur fækkað mikið
x Hrafn	Sést árið um kring; verpur í turni Sementssölu; áður einnig í G. höfða
x Stari	Alg. árið um kring; verpur víða við voginn
x Auðnutittlingur	Verpur a.m.k. öðru hvoru í trjárættarreit fyrir botni Grafarvogs
x Snjótitlingur	Alg. vetrargestur; varp áður
Fjöldi tegunda	47

12. tafla. Fuglar sem hafa verið skráðir í Elliðavogi og nágrenni. Líklegar varptegundir eru auðkenndar með x. Þessi skrá er ekki tæmandi hvað varðar sjaldséða fugla í Elliðavogi.

Tegund	Staða
Lómur	Strjáll vetrargestur í mynni voganna
Flórgoði	Sjaldgæfur gestur
Fýll	Alg. frá útmánuðum og fram á haust
Rauðhöfðaönd	Allalg. vetrargestur; var miklu algengari áður en vogurinn var fylltur
Urtönd	Er nú sjaldséð en hélt til í voginum í nokkra vetur um 1980, sjá 10. töflu
x Stokkönd	Alg. árið um kring; verpur talsvert
x Æður	Alg. árið um kring; verpur eitthvað
Skúfönd	Sést öðru hverju
Duggönd	Sést öðru hverju
x Toppönd	Strjál árið um kring og verpur líkast til
Gulönd	Vetrargestur, einkum í frosthörkum
Örn	Sjaldgæfur gestur
Smyrill	Sést af og til allan veturinn
Fálki	Sést af og til allan veturinn
Bleshæna	Flækingsfugl og sést öðru hverju á veturna
x Tjaldur	Allalg. árið um kring; verpur talsvert
x Sandlóa	Alg. fargestur á vorin; verpur nokkuð
Heiðlóa	Allalg. gestur, einkum á haustin en einnig á vorin
Veþja	Flækingsfugl; sést öðru hverju á veturna
Sendlingur	Fremur strjáll vetrargestur, sést einnig á vorin
Lóupræll	Fremur strjáll fargestur
Rauðbrystingur	Alg. fargestur; hefur nýtt leiru við sanddælustöð í mynni Grafarvogs
Sanderla	Fargestur sem sást óvenju mikið vorið 1997
x Hrossagaukur	Strjáll varpfugl; hefur stundum vetursetu við affallsskurði með heitu vatni
Tildra	Sjaldgæf á veturna en allalg. um fartíma að vori
x Stelkur	Alg. árið um kring; nokkur pör verpa við vestanverðan Elliðavog
Hettumáfur	Alg. árið um kring; verpur líkast til öðru hverju
Stormmáfur	Fremur sjaldséður gestur
x Sílamáfur	Alg. frá vori fram á haust; fáein pör verpa a.m.k. öðru hvoru
Silfurmáfur	Fáeinir fuglar sjást af og til allt árið
Hvítmáfur	Allalg. árið um kring
Bjartmáfur	Allalg. á veturna og fram á vor
Svartbakur	Sést allt árið en er faliðaður
x Kría	Allalg. varpfugl (um 50–60 pör) vestan við Elliðavog
Álka	Sjaldséður vetrargestur
Haftyrðill	Sjaldséður vetrargestur; óvenju margir í janúar 1997 (21)
Húsdúfa	Sést af og til við voginn, verpur líkast til í nágrenninu
x Þúfutittlingur	Nokkur pör verpa við voginn
x Marfuerla	Fáein pör verpa við voginn
Steindepill	Sést á vorin en aðeins fáir fuglar
x Skógarpröstur	Fáein pör verpa við voginn; sjaldséður á veturnum
Hrafn	Alg. á veturna (ath. verpur í turni Sementssölunnar við mynni Grafarvogs)
x Stari	Alg. allt árið; verpur víða við voginn
Snjótittlingur	Allalg. vetrargestur
Fjöldi tegunda	44

13. tafla. Varpfuglar á talningarstöðvum í Elliðavogi, Grafarvogi og Gufuneshöfða. Staðsetning stöðva er sýnd á 6. mynd. Tölur tákna hversu algeng tegundin er innan 100–200 m hringmáls frá athugunarstað; 1 = strjáll, 2 = allalgengur, 3 = algengur, G = varp áður. Tölur innan sviga tákna að varp er hugsanlegt, en ekki staðfest.

	Elliðavogur			Grafarvogur				Gufunes- höfði
	Stöð 16	Stöð 16b	Stöð 17	Stöð 18	Stöð 19	Stöð 20	Stöð 21	
Tegund:								
Fýll				2				G
Stokkónd	2	(1)		(1)	(1)			
Æður	2	(1)		1	(1)	(1)		
Toppönd				(1)		(1)		
Rjúpa					1			
Tjaldur	2	1		1				1
Sandlóa	2	1						1
Heiðlóa								1
Lóuþræll								G
Hrossagaukur	1	(1)		2	3	1		2
Stelkur	1	1		2		1		
Sílamáfur	1			(1)				G
Svartbakur								G
Kría	3							
Þúfuttlingur	1			3	1		2	3
Maríuerla							(1)	1
Steindepill				1				1
Skógarþróstur					2	1		
Hrafn								G
Stari	1			1	1	2		
Auðnutittlingur					1			
Snjótittlingur								G
Tegundir alls 23	10	3–6	0	11	8	6	2	13

6.3.2 Fjöru- og strandfuglar í Grafarvogi og Elliðavogi

Fjörufuglalíf í Grafarvogi var kannað ítarlega á árunum 1980–1981 (sbr. Arnþór Garðarsson og Ólaf K. Nielsen 1989) og því þótti ekki ástæða til umfangsmikilla athugana nú. Á árunum 1997–1998 voru fuglar einnig taldir í Grafarvogi og á fleiri leirum á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við lífríkisrannsóknir vegna Sundabrautar (Arnþór Garðarsson 1998).

Frá því í janúar og fram í maílok 1997 sáust 34 fuglategundir í Grafarvogi (5. viðauki). Þetta voru einkum andfuglar (mest æðarfugl), vaðfuglar og máfar. Grafarvogur er sérstaklega mikilvægur sem viðkomustaður vaðfugla á vorin en leiran er einnig mikilvægur vetrardvalarstaður nokkurra tegunda.

Grafarvogur er einn helsti viðkomustaður jaðrakana á vorin á Suðvesturlandi og þar hafa sést allt að 150 fuglar. Vogurinn hefur einnig mikla þýðingu fyrir rauðbrysting, þótt nokkur áráskipti séu að því hversu margir fuglar fara þar um (sbr. Arnþór Garðarsson 1998). Vorið 1997 bar óvenju mikið á rauðbrystingum og fleiri skyldum fuglum í voginum og sáust þá þar allt að 1400 fuglar (5. viðauki). Hið sama gilti um sendling (allt að 800 fuglar) og lóuþræl (allt að 1160 fuglar). Loks má geta þess að sanderlur sjást að jafnaði ekki í Grafarvogi en allt að 150 fuglar höfðu þar viðdvöl

vorið 1997. Leiddar hafa verið líkur að því að óvenjumikið fæðuframboð hafi dregið þessa fuglamergð að (Arnþór Garðarsson 1998). Nánari grein er gerð fyrir þeim fuglum sem nýta Grafarvog í 11. töflu.

Í Elliðavogi og mynni Grafarvogs sáust 40 tegundir í talningum frá því í janúar og fram í maílok 1997 (6. viðauki). Þetta voru mikið til sömu tegundir og sáust í Grafarvogi (sbr. 5. viðauka) en þó bar meira á hafrænum fuglum eins og eðlilegt má teljast, þar á meðal lómi, haftyrdli og álku. Að jafnaði var minna af fuglum í Elliðavogi en í Grafarvogi, enda fjörusvæðið á fyrrnefnda staðnum mun minna. Þó var yfirleitt meira af æðarfugli á talningarsvæðinu í Elliðavogi (allt að 500 fuglar) og flestum máfategundum. Talsverð umferð vaðfugla er um Elliðavog á vorin og þar er einstaklega auðvelt að komast í návígi við margar tegundir.

6.4 Náttúrvernd og athyglisverðir staðir í Grafarvogi

Landinu umhverfis Grafarvog hefur verið raskað mjög vegna framkvæmda. Óspilltar eru aðeins stórgrýtisurðirnar utan í Ártúnshöfða og leirurnar í voginum sjálfum.

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1996–2016 fellur svæðið meðfram Grafarlæk, strönd Grafarvogs, Gufuneshöfði og Elliðavogur undir borgarvernd.

Svæði sem falla undir almenna borgarvernd hefur borgarstjórn samþykkt að vernda vegna náttúru, umhverfis, útivistar eða menningarsögulegs og listræns gildis. Almenn borgarvernd felur í sér aðhald í umfjöllun í nefndum og ráðum borgarinnar. Allar framkvæmdir eða breytingar á svæðum sem falla undir borgarvernd eru háðar samþykki borgarstjórnar.

Leirur Grafarvogs falla undir staðfesta borgarvernd. Staðfest borgarvernd er afmörkuð sem sérstakur landnotkunarreitir á landnýtingarkorti aðalskipulags. Þetta eru svæði og byggð sem sökum einstaks landslags, lífríkis, menningarsögu, minjagildis og listræns gildis ber sérstaklega að vernda. Allar breytingar á svæðunum eru háðar staðfestingu samkvæmt skipulagslögum.

Náttúruverndarráð hefur sett leirurnar í Grafarvogi á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996). Þar segir að Grafarvogur sé einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla á Innesjum.

Í ritinu Höfuðborgarsvæðið, náttúruvernd (1981) er lagt til að leiran í Grafarvogi verði vernduð. Þar segir á bls. 26: „1. Leira í innanverðum Grafarvogi. 2. Mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla s.s. lóupræls, jaðrakans, heiðlóu og stelks. 3. Æskilegt er að haldið sé verndarhendi yfir leirunni og kæmi friðlýsing til greina. Á það má benda að leirur í Elliðavogi og Gufunesvík hafa báðar verið eyðilagðar. Þessar leirur lágu næst Grafarvogi. Hvaleyrarlón sem er ein mikilvægasta leiran á höfuðborgarsvæðinu hefur þegar verið skert og er í yfirvofandi hættu.”

Á bls. 33 segir ennfremur: „Grafarlækur og Keldur. 1. Grafarlækur og dalhvilftin við Keldur. 2. Snoturt og skjólgott svæði, sem er mjög heppilegt til ræktunar og útivistar. 3. Verndun landslags og jarðvegs er æskileg á þessu svæði.”

Lagt er til að Grafarvogur verði friðlýstur vegna fuglalífs og lífríkrar leiru.

- Við Grafarvog eru merk setlög einkum að norðan og beggja vegna eru urðir utan í bökkunum sem eru orðnar næsta sjaldséðar innan borgarmarkanna. Setlögin í Grafarvogi hafa ótvírætt mikið fræðslu- og vísindagildi. Skering sú sem er í Ártúnshöfðann skammt vestan við afgreiðslu Sementsverksmiðjunnar sýnir vel beltaskiptingu grágrýtishraunanna og hefur fræðslugildi.
- Lagt er til að stórgrýtisurðirnar sunnan í Ártúnsholtinu fái að standa óskertar.
- Grafarlækur og næsta nágrenni hans er svæði sem á að njóta sín á svipaðan hátt og áður án þess að þrengt verði að honum.

Umhverfi vogsins er víða raskað af búsetu og gróðursett hefur verið í mest allt svæðið. Með tímanum mun vaxa upp skógur umhverfis voginn.

Ekki verður auðveldlega séð hvaða tilgangi þjónar að planta trjám milli íbúðahverfis og fjöru við sunnanverðan voginn. Trén munu með tímanum loka fyrir útsýni til vogsins.

Úr iðnaðarhverfinu í Ártúnsholti liggja opin ræsi sem falla sem litlir lækir niður holtið og enda í veginum. Hætta er á að mengandi efni frá iðnaðinum eða bílaumferðinni komist í niðurföll og mengi voginn. Má segja að sífelld mengunarhætta vofi yfir lífríki leirunnar vegna þessa.

7 LAUGARNES

Laugarnes er á miðri norðurströnd hins forna Seltjarnarness. Á Laugarnestöngum er eina svo til óspillta landið og fjaran á allri norðurströnd Reykjavíkur vestan Geldinganes. Nesið teygir sig út á Viðeyjarsund. Þaðan er afar víðsýnt og enn er óskert sjónlína út í eyjarnar á Kollafirði. Með ströndinni skiptast á litlar víkur og klettasnasir. Fjaran er að mestu stórgrýtt en þó finnst einnig malar- og hnullungafjara. Svæðið er aðeins um 1 km² að flatarmáli og strandlengjan er um 600 m löng. Nesið er allt gróið.

7.1 Jarðfræði Laugarness

Í Laugarnesi er aðeins eitt grágrýtishraunlag sem á upptök einhvers staðar á Mosfells-
eða Hellisheiði (Árni Hjartarson 1980). Aldur hraunsins er ekki þekktur en að líkindum er það um 500.000 ára gamalt. Það hefur runnið á einu af hlýskeyðum ísaldar og þekur nú mest allt Seltjarnarnesið. Jöklar seinni jökulskeyða hafa síðan rofið hraunlagið og mótað í það horf sem nú er. Ströndin sjálf er mótuð af sjávarrofi. Hún einkennist af lágum klettum og stórgrýtisurð.

7.2 Gróðurfar í Laugarnesi

Gróðurkort í mælikvarðanum 1:3000 var sérstaklega gert vegna þessarar úttektar (fylgir með í vasa aftast í skýrslunni). Þar kemur fram að gróðurfar einkennist að mestu leyti af þurrlendi, einkum graslendi ýmiskonar, bæði ræktuðu og náttúrulegu. Einnig er þar að finna mosapembu og votlendisbletti með mýrastör og gulstör auk flaga og fjörugróðurs.

Í Laugarnesi hafa fundist 115 tegundir háplantna auk ættkvísla túnfífla. Í 1. viðauka er listi yfir þær. Margar þessara tegunda eru sjaldgæfar á svæðinu og þarf lítið út af að bera til að þær hverfi alveg. Því skiptir miklu máli að sem minnst sé hróflað við villta gróðrinum og komið í veg fyrir að áburði sé dreift á svæðinu.

Í þessari úttekt var ekki skoðuð tegundafjölbreytni mosa, fléttna og sveppa, né heldur gerð úttekt á þörungum í fjöru.

Hér verður gerð grein fyrir helstu gróðurlendum og aftan við hvert heiti þeirra er getið innan sviga skammstafana sem notuð eru fyrir þessi sömu gróðurlendi á gróðurkortinu.

Þurrlendi

Mosapemba með grösum og blómplöntum (A). Um er að ræða litla ræmu meðfram veginum út á nesið þar sem landið hefur nýlega gróið upp og jarðvegur er þunnur.

Graslendi (H). Um er að ræða náttúrulegt graslendi eða valllendi. Ríkjandi grös eru húsapunktur, túnvingull, týtulíngresi og hálíngresi. Af öðrum tegundum má nefna tágamuru, njóla, hundasúru, skarífífil, umfeðming, gulmöðru, brennisóley, klóelftingu, túnfífla, geldingahnapp, háliðagras, snarrótarpunt og ætihvönn.

Graslendi í órækt (Ho). Þetta er yfirleitt land sem hefur verið raskað á einhvern hátt en hefur gróið upp að nýju. Snarrótarpuntur, húsapunktur og fleiri grastegundir eru áberandi ásamt njóla, skriðsóley, túnfíflum, brennisóley, hlaðkollu, blóðarfa, kattartungu og hóffíflsbreiðum.

14. tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið í og við Laugarnes. Líklegar varptegundir eru auðkenndar með x. Þessi skrá er ekki tæmandi hvað varðar sjaldgæfa fugla í Laugarnesi.

Tegund	Staða
Lómur	Vetrargestur á Sundum, sést oft við Laugarnes
Himbrimi	Vetrargestur á Sundum, sést oft við Laugarnes
Fýll	Algengur á Sundum, m.a. við ræsið á Kirkjusandi, frá janúar til sept.
Dílaskarfur	Sést við Laugarnes allan veturinn. Skarfasetur var á Skarfakletti
Toppskarfur	Sést af og til við Laugarnes allan veturinn
Álft	Sést stöku sinnum í Laugarnesi
Grágæs	Sést af og til allt árið í Laugarnesi (Tjarnargæsir)
Stokkönd	Sést allt árið við Laugarnes og verpur e.t.v.
Æður	Algeng allt árið við Laugarnes og Kirkjusand
Hávella	Algeng á Sundum á veturna og sést þá reglulega við Laugarnes
Toppönd	Algeng á Sundum allt árið og sést stundum við Laugarnes
Smyrill	Sjaldgæfur í Laugarnesi, sést stundum elta smáfugla
x Tjaldur	Strjáll varpflugl í Laugarnesi (2 pör). Sást áður flesta vetur
x Sandlóa	Strjáll varpflugl í Laugarnesi (1 par)
x Heiðlóa	Sennilega strjáll varpflugl í Laugarnesi (1 par)
Sendlingur	Sést af og til allt árið í fjörum við Laugarnes
Rauðbrystingur	Sást á Kirkjusandi um fartiða að vori, áður en fjaran þar var fyllt
Tildra	Sést af og til allt árið í fjörum við Laugarnes
x Hrossagaukur	Strjáll varpflugl í Laugarnesi (a.m.k. 3 pör)
x Stelkur	Strjáll varpflugl í Laugarnesi (2 pör)
Kjó	Sést af og til við Laugarnes á sumrin
Hettumáfur	Heldur til við Laugarnes og Kirkjusand árið um kring
Stormmáfur	Sést af og til á svæðinu allt árið
Sílamáfur	Algengur gestur á sumrin, sérstaklega við ræsið á Kirkjusandi
Silfurmáfur	Nokkrir fuglar sjást við nesið árið um kring
Hvítmáfur	Sést allt árið, algengastur á veturna
Bjartmáfur	Algengur vetrargestur, stundum í hundradatali við ræsið á Kirkjusandi
Svartbakur	Sést allt árið við nesið
Rita	Sést af og til allt árið við nesið, er algengust á útmánuðum
Kría	Sést á flögri við nesið allt sumarið
Teista	Sést við Laugarnes af og til allt árið. Verpur í Viðey
Álka	Vetrargestur, algengust á útmánuðum
Haftyrðill	Vetrargestur sem sést við Laugarnes flesta vetur
Lundi	Sést úti á Sundum frá Laugarnesi allt sumarið
x Þúfuttillingur	Strjáll varpflugl í Laugarnesi (2–3 pör)
Maríuerla	Sést af og til á sumrin, verpur sennilega öðru hverju
Músarrindill	Var algengur vetrargestur áður fyrr en sést nú sjaldan
Steindepill	Sést á fartiða, vor og haust
Skógarþröstur	Sést öðru hverju allt árið, verpur e.t.v. öðru hverju
Hrafn	Daglegur gestur í Laugarnesi á veturna
Stari	Algengur allt árið, verpur m.a. í byggingum á svæðinu
Snjóttillingur	Algengur vetrargestur
Fjöldi tegunda	43

Varpfluglar

Merki voru um varp fimm tegunda vaðfugla í Laugarnesi vorið 1997. Tjaldur (2 pör) verpur á skemmubökum við austurjaðar svæðisins og leitar hann ætis í Laugarnesi. Þetta er fremur óvenjulegur varpstaður en vitað er um 2–3 önnur tilfelli hér á landi, öll í Reykjavík, enda hefur varpsvæðum tjaldsins við ströndina verið raskað mikið.

Eitt sandlóupar hélt til í Laugarnesi vorið 1997. Það átti óðal beggja vegna Kleppsvegur en hefur sennilega orpið á bílastæði við Myndlistarskólann. Heiðlóupar sást nyrst í nesinu snemma um vorið en óvíst er hvort það hefur orpið. A.m.k. 3 hneggjandi hrossagaukar sáust samtímis um vorið og sennilega verpa nokkur þör á svæðinu. Þá urpu tvö stelkspör í gamla Laugarnestúninu.

Tvær tegundir spörfugla urpu með vissu í Laugarnesi vorið 1997. Þúfuttlingur er strjáll varpfugl (2–3 þör) í graslendi og nokkur starapör verpa í húsum á svæðinu. Þeir eru auk þess algengir varpfuglar í nágrenninu og eru tíðir í ætisleit í Laugarnesi. Þá hafa maríuerlur orpið þar stundum og e.t.v. skógarprestir, stökkendur og æðarfuglar.

Stelkar, hrossagaukar og þúfuttlingar eru einkennisfuglar svæða sem hafa verið brotin til ræktunar en eru nú í hálfgerðri órækt. Þessar tegundir þrífast hins vegar illa þar sem graslendi er slegið reglulega á sumrin. Tjaldur, heiðlóa og sandlóa verpa fyrst og fremst í snöggu og jafnvel gróðurlitlu landi.

7.4 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir í Laugarnesi

Fjaran, fjörukamburinn og klettur við ströndina eru að mestu óspillt land og hafa ómetanlegt gildi sem dæmi um hvernig norðurströnd Reykjavíkur leit út áður en mannvirkjagerð og önnur röskun gerbreytti henni á þessari öld.

Náttúruverndarráð hefur sett Laugarnes á náttúruminjaskrá (1996) með eftirfarandi lýsingu: „1. Mörk svæðisins eru að sunnan frá Kleppsvegi á móts við Suðurkotsvör meðfram Kleppsvegi að Laugarnesvegi og þaðan meðfram húsum Tollvörugeymslunnar og Kletts í sjó. 2. Fjörur og strandbelti á vesturströnd Laugarness, sem er að mestu óröskuð strandlengja með sérkennilegum sjávarrofnum klettum. Vinsæll útivistar- og útsýnisstaður, ásamt menningarsögulegum minjum.”

Í ritinu „Höfuðborgarsvæðið, náttúruvernd“ (1981) er fjallað um Laugarnes á bls. 32. Þar segir: „1. Vesturhorn Laugarness. 2. Óröskuð klapparfjara með fögru útsýni. 3. Verndun landslags æskileg.”

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016 fellur Laugarnesið undir almenna borgarvernd.

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1996–2016 fellur svæðið meðfram Grafarlæk, strönd Grafarvogs, Gufuneshöfði og Elliðavogur undir borgarvernd.

Svæði sem falla undir almenna borgarvernd hefur borgarstjórn samþykkt að vernda vegna náttúru, umhverfis, útivistar eða menningarsögulegs og listræns gildis. Almenn borgarvernd felur í sér aðhald í umfjöllun í nefndum og ráðum borgarinnar. Allar framkvæmdir eða breytingar á svæðum sem falla undir borgarvernd eru háðar samþykki borgarstjórnar.

Auk náttúruminja eru á nesinu verðmætar sögulegar minjar og búsetulandslag (Bjarni F. Einarsson 1993).

Lagt er til að svæðið verði útivistarsvæði þar sem lögð verði áhersla á villta náttúru og minjar um gamla búsetu. Núverandi starfsemi verði sett skýr mörk í deiliskipulagi, sem taki mið af því að styrkja möguleika almennings til útivistar og náttúruskoðunar.

Í Laugarnesi þarf að spyrða saman þrjá meginþætti við skipulag og verndun svæðisins. Í fyrsta lagi hina *villtu náttúru* sem enn er að finna og er lítt spillt, þ.e. jarðmyndanir, gróður og fuglalíf. Í öðru lagi *búsetulandslagið* með aragrúa sögulegra minja. Og síðast en ekki síst þjóðargersemi sem er fólgin í *safni Sigurjóns Ólafssonar* myndhöggvara, en ævistarf hans á Íslandi er óafmáanlega tengt búsetu hans á Laugarnesi, allt frá árinu 1945. Að þessu leyti hefur svæðið gildi á landsmælikvarða hvað varðar sögu og myndlist.

Áhersla verði lögð á að Laugarnesið fái að halda náttúrufarslegum einkennum eins og kostur er. Í því felst að vernda og hlúa að þeim gróðurlendum sem villt eru á svæðinu og ennfremur að gróðurfar búsetulandslags takmarkist eða taki mið af þeim gróðri sem fylgdi búsetu manna á fyrri hluta aldarinnar. Þetta þýðir að ekki verði fluttar inn á svæðið tegundir sem ekki falla að þessum markmiðum og á það bæði við um tré, runna og blómjurtir. Sú ræktun og gróðursetning sem átt hefur sér stað á svæðinu á undanförunum misserum samræmist þessu sjónarmiði ekki og því ber að uppræta hana.

Sömu sögu er að segja um alifuglarækt sem stunduð hefur verið á nesinu um skamma hríð. Þar hafa kynblandast aliendur og villtir fuglar. Útkoman eru blendingar sem ekki eiga sér mikla lífsvon í villtri náttúru og eiga varla heima á náttúruvernduðu svæði. Fuglaeldi á fremur heima í Húsdýragarðinum þar sem fyllsta hreinlætis er gætt.

Bent er á að stutt er á milli Laugarness og Laugardals. Í Laugardal er vaxinn upp einstaklega vel heppnaður skemmti- og skrudgarður. Í Laugarnesi er hins vegar enn að finna villta náttúru. Þessi svæði styðja því hvort við annað og í framtíðinni má hugsa sér að þau verði tengd saman með göngu- og hjóltreidastígum. Einnig má benda á möguleika á að tengja saman í kynningum listasöfn Sigurjóns í Laugarnesi og safn Ásmundar Sveinssonar í jaðri Laugardals.

Í Laugarnesi hafa fundist 94 tegundir háplantna. Þessar tegundir eru allar algengar á landsvísu. Hins vegar ber að hafa í huga að í dag er þetta eini vaxtarstaður margra þessara tegunda með allri norðurströnd hins forna Seltjarnarness. Það er því mikils virði fyrir líffræðilega fjölbreytni í borginni að þarna verði áfram griðastaður fyrir þessar tegundir.

Þrátt fyrir að fremur fátt fugla verpi í Laugarnesi er fuglalíf við ströndina fjölbreytt og vegna legu sinnar er nesið kjörið sem fuglaskoðunarstaður. Skráðar hafa verið 43 fuglategundir á svæðinu en þeim mun án efa fjölga við frekari athuganir.

Klettaströnd Laugarness er nú orðin einstök á Seltjarnarnesi hinu forna því víðast hefur upprunalega ströndin annaðhvort verið hlaðin upp eða færð fram með uppfyllingum. Laugarnesströndin hefur því mikið verndar- og fræðslugildi vegna þess að hún sýnir hvernig hér var umhorfs áður en mannshöndin umbreytti landslaginu sem hér var. Á stöku stað eru einnig fallegar hnellingafjörur sem sjást ekki annars staðar innan borgarmarkanna. Nauðsynlegt er að vernda fjöruna í Laugarnesi fyrir seinni kynslóðir þannig að hægt verði að sýna hvernig ströndin leit víða út áður en bærinn varð að borg.

Til að hið opna svæði í Laugarnesi nái þeirri stöðu að verða útivistar- og menningarsvæði fyrir almenning þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Lagning göngustíga er nauðsynleg til að draga úr ágangi á viðkvæman gróður.
- Frekari nýbyggingar íbúðarhúsa eða byggingar yfir nýja starfsemi verði ekki leyfðar og frekar ætti að huga að fækkun húsa á þessu landlitla útivistarsvæði.
- Réttingaverkstæði fyrir bíla á heima á iðnaðarsvæði.
